Canon
Bókhladan

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 6. mars 2002 • 10. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

„Mun alltaf bera hlýjan hug til Bolungarvíkur“

– segir Herbert Guðmundsson poppari og fyrrverandi Bolvíkingur í opnuviðtali

Eitt besta rekstrarár í sögu Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. í Hnífsdal

114 milljóna króna hagnaður á síðasta ári

Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. í Hnífsdal var rekið með ríflega 114 milljóna króna hagnaði árið 2001, samanborið við 23 milljóna króna hagnað árið á undan.

Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld jókst um 39% milli ára, úr 698 milljónum króna árið 2000 í 968 milljónir króna. Veltufé frá rekstri nam 722 milljónum króna á árinu, samanborið við 536 milljónir króna árið áður og jókst því um 35%. Rekstrartekjur félagsins námi 2.912 milljónum króna, samanborið við 2.714 milljónir árið á undan sem er aukning upp á 7,3%. Rekstrargjöld félagsins námu 1.944 milljónum króna, samanborið við 2.016 milljónir króna árið áður. Hagnaður félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði eru því 968 milljónir króna eða 33,25% af rekstrartekjum, samanborið við 698 milljónir króna árið á undan.

Afskriftir námu samtals 359 milljónum króna, samanborið við 327 milljónir króna árið áður. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 499 milljón króna en voru neikvæðir um 286 milljónir árið áður. Háa fjármagnsliði bæði árin, má rekja til veikingar íslensku krónunnar. Nær allar skuldir félagsins eru í erlendum myntum og nam gengistap félagins 526 milljónum króna á nýliðnu ári samanborið við 229 milljónum árið áður. Heildareignir félagsins í árslok námu 5.311 milljónum króna en skuldir og skuldbindingar 4.164 milljónum króna.

Að sögn Einars Vals Kristjánssonar, framkvæmdastjóra Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. var árið 2001 félaginu hagstætt þrátt fyrir sex vikna verkfall sjómanna á fyrri hluta ársins. Gengisbreytingar íslensku krónunnar hafa haft jákvæð áhrif á tekjur félagsins þar sem nánast allar tekjur eru í erlendri mynt. Stjórn félagsins leggur til að hluthöfum verði greiddur 12% arður.

SAMKAUP

OPIÐ:
Virka daga kl. 09 - 21
Laugardaga kl. 10 - 21
Sunnudaga kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP
AUSTURVEGI 2
SÍMI 456 5460

Skip og bíll
Heildarlausn í flutningum
EIMSKIP
Flytjandi

Ísafjarðarbær

Framsóknarmenn kynna framboðslista

Framboðslisti Framsóknarflokksins í Ísafjarðarbæ vegna bæjarstjórnarkosninganna í vor, verður kynntur á fundi félagsins fimmtudaginn 7. mars nk. í Holti í Önundarfirði.

Að sögn Guðna Geirs Jóhannessonar, oddvita flokksins, hefur uppstillingarnefnd verið að störfum í talsverðan tíma og nokkuð er síðan lokið var við uppröðun á listann. Endanleg ákvörðun verður þó ekki tekin fyrr á fundinum í Holti og í framhaldi af því má gera ráð fyrir að listinn verði birtur opinberlega.

Ísafjörður

Spilakassar Gullnámunnar fjarlægðir

Happdrætti Háskóla Íslands hefur fjarlægt alla spilakassa „Gullnámu“ fyrirtækisins á Ísafirði í kjölfar „innbrots“ í þá fyrir stuttu. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði voru spilakassarnir opnaðir með kúbeini eða álíka verkfæri og þeir fjármunir sem þar voru, teknir ófrjálsri hendi. Þrír spilakassar voru í Sjallanum og tveir á veitingastaðnum Á Eyrinni en „innbrotin“ munu hafa átt sér stað á opnunartíma veitingastaðanna. Enginn hefur verið handtekinn vegna málsins.

Spilakassarnir voru fluttir til viðgerða í Reykjavík og að sögn Guðmundar Sigurbergssonar, umsjónarmanns Gullnámunnar, stendur ekki til að senda þá aftur til Ísafjarðar. Hann segir kassana ekki hafa verið nýtta sem skyldi á Ísafirði og því hafi sú ákvörðun verið tekin að setja þá upp á öðrum stað þar sem fleiri komi til með að nýta sér þá.

Halldór Jónsson, fiskverkandi á Ísafirði

Óskar eftir að fram fari opinber rannsókn á brottkasti á loðnu

Halldór Jónsson, fiskverkandi á Ísafirði, hefur snúið sér til Fiskistofu og embættis Ríkislögreglustjóra og óskað eftir því að fram fari opinber rannsókn á brottkasti á loðnu nú á vertíðinni. Segir Halldór sögur vera á kreiki um umtalsvert brottkast um borð í loðnuskipunum og staðfesting á því hafi fengist á myndum sem sýndar voru í sjónvarpinu á sunnudagskvöld. Bréf Halldórs, sem stílað er á Þórð Ásgeirsson Fiskistofustjóra og Harald Johannessen Ríkislögreglustjóra, er svohljóðandi:

„Heiðruðu embættismenn.

Eins og yður mun kunnugt um hefur komist upp um nokkur mál er varða ólöglegt brottkast afla frá fiskiskipum. Hafa þau mál að sjálfsögðu gengið sína leið hjá embættum yðar.

Svo virðist, að þrátt fyrir að komist hafi upp um mál af þessu tagi og hlutaðeigandi hafi verið refsað samkvæmt lögum, sé töluvert um að ennþá séu framin brot af þessu tagi. Að undanförnu hafa gengið sögur af umtalsverðu brottkasti afla frá loðnuskipum. Samkvæmt sögum þessum er miklu magni af hryggningarloðnu kastað þar frá borði á ýmsan hátt. Má þar nefna sem dæmi að skipin hafi fyllt nætur sínar svo mjög að ekki hafi nýst nema hluti aflans, þrátt fyrir að þau hafi gefið afla úr nótinni eins og heimilt er samkvæmt lögum. Einnig hafa heyrst sögur um að við dælingu úr nótum skipa renni umtalsvert magn hryggningarloðnu frá borði. Í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins í gærkvöldi (sunnudagskvöld) voru sýndar lifandi myndir úr veiðiferð loðnuskips þar sem glögglega sást að mikið magn loðnu rann frá skipinu. Ekki gat undirritaður komið auga á um hvaða skip var að ræða í þessu tilfelli. Þar sem undirritaður telur að áðurnefnt meint brottkast varði við lög óska ég þess hér með að embætti yðar rannsaki mál þessi og komi þannig í veg fyrir að lögbrot sem þessi séu stunduð við umgengni um auðlind sem er í sameign þjóðarinnar.“

Magnús Þór Hafsteinsson fréttamaður

Hafnar meintu loðnubrottkasti

Magnús Þór Hafsteinsson fréttamaður hafði samband blaðið og bað fyrir fyrir birtingu á meðfylgjandi yfirlýsingu þar sem hann hafnar því alfarið að loðnu hafi verið hent í sjóinn á loðnuskipinu Grindvíkingi GK í lok síðustu viku. Yfirlýsing Magnúsar Þórs er tilkomin vegna kæru Halldórs Jónssonar, fiskverkanda á Ísafirði og greint var frá á bb.is á mánudag sem og hér að ofan. Í yfirlýsingunni segir Magnús Þór Hafsteinsson:

„Það er rangt að bendla myndskeið frá loðnuveiðum, sem birt voru í Ríkissjónvarpinu sunnudaginn 3. mars, við brottkast á fiski á Íslandsmiðum. Þessar myndir voru teknar um borð í loðnuskipinu Grindvíking GK 606 að morgni fimmtudagsins 28. febrúar síðastliðinn. Ég fór í veiðiferð með þessu skipi ásamt Friðþjófi Helgasyni myndatökumanni. Við komum um borð að kvöldi 27. febrúar eftir að skipið hafði landað afla sínum í Helguvík og yfirgáfum það að kvöldi föstudagsins 1. mars þegar skipið hafði snúið til sömu hafnar til löndunar eftir mjög vel heppnaða veiðiferð.

Öll vinnubrögð Rúnars Björgvinssonar skipsjóra og áhafnar hans á Grindvíkingi GK voru til mikillar fyrirmyndar. Þegar á miðin var komið varð ljóst að allt moraði í loðnu. Skipið var nánast fyllt í fjórum köstum, aðeins vantaði nokkra tugi tonna upp á að ná algeru fullfermi. En Rúnar skipstjóri lét hjá líða að taka eitt kast enn. Ástæðan var einföld. Hann vissi að mjög líklega fengist miklu meiri afli í nótina en þurfti til að fylla skipið. Það hefði þýtt að áhöfnin hefði neyðst til að reyna að gefa afganginn eða hleypa niður úr nótinni ella. Rúnar kaus að láta vera að kasta upp á slíka valkosti en gaf mönnum sínum í stað þess skipun um að búast til heimsiglingar.

Á meðan sú vinna fór fram, voru þau myndbrot tekin sem Halldór Jónsson og aðrir

Magnús Þór Hafsteinsson.

landsmenn sáu í fréttum á sunnudagskvöld. Þar mátti sjá smáræði af loðnu, sem hafði sullast niður á dekk Grindvíkings, skolast fyrir borð á meðan áhöfnin bjó skip sitt fyrir ferð til löndunar. Grindvíkingur GK var nánast drekkhlaðinn með 1100 tonn um borð. Það var kaldaskítur á miðunum og þung velta á skipinu. Sjálfur stóð ég uppi á brúarþaki og fylgdist með vinnubrögðunum þegar mannskapurinn gekk frá eftir veiðina. Sú loðna sem sullaðist niður á dekkið fór þangað fyrir slysni við erfiðar aðstæður. Þetta var mjög óverulegt í kílóum talið.

Það hvarflaði ekki að neinum að tengja þetta við brottkast á þeirri stundu. Hvorki okkur fjölmiðlamönnum né áhöfn. Hér voru menn að vinna sín verk eins og best varð á kosið miðað við ríkjandi aðstæður. Að mínu mati komust sjómennirnir á Grindvíkingi GK frá sínum störfum með miklum sóma.

Mér þykir bæði mjög miður og ósanngjarnt að þessar myndir, sem teknar voru um borð í Grindvíking á fimmtudag, skuli að ósekju tengdar umræðunni um brottkast á Íslandsmiðum. Það vandamál snýst að mestu um þann vanda þar sem fiski er hent til að hámarka aflaverðmæti. Þetta átti alls ekki við í þessu tilviki sem menn voru að veiða í bræðslu og það að missa fisk í hafið var óhapp með eftirsjá.

Umræðan um brottkastsvandann á Íslandsmiðum er gríðarlega mikilvæg. Til að nálgast lausnir á þessum viðkvæma vanda verða menn að geta rætt málin af alvöru og á málefnalegan hátt. Að halda sjó, gæta landsýnar og varast illa ígrundaðar upphrópanir. En margir, sem ættu að vita betur, hafa villst af leið og farið í geitarhús að leita ullar þegar finna skal syndaseli í brottkastumræðunni. Í því fúla fjósi má finna bæði Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra og Guðbrand Sigurðsson forstjóra Útgerðarfélags Akureyringa. Og eru þá bara tveir af mörgum nefndir til bókar.

Þeir fara að verða ófáir „sakamennirnir“ sem tyllt hefur verið upp í næsta ljósastaur án dóms og laga þegar brottkastumræðan er annars vegar. Ég ætla ekki að horfa upp á saklausa áhöfn Grindvíkings GK festa upp á slíka gálga að ósekju fyrir meint brottkast sem aldrei átti sér stað,“ segir Magnús Þór.

Vestfirsk stóriðja

LEIÐARI

Um það leyti sem það fregnaðist að stjórnvöld hefðu séð að sér og strikað yfir þann erkibiskupsboðskap að ekki væri rétt að reikna með Vestfjörðum þegar horft væri til búsetu á Íslandi framtíðarinnar, þinguðu vísir menn úr öllum áttum á Ísafirði og komust að þeirri niðurstöðu að þorskeldi á Vestfjörðum væri ákjósanlegur kostur. Ánægjuleg tíðindi á tímum fullvissu um að ótakmarkað magn sjávarfangs verður ekki lengur sótt með hefðbundnum hætti.

Meðal þeirra kosta sem Vestfirðir eru taldir hafa upp á að bjóða til þorskeldis eru nálægðin við ein bestu og gjöfulustu fiskimið landsins, skjólgóðir og djúpir firðir og viðunandi hitastig sjávar. Er þá ótalin sá dýrmæti og mikilvægi þáttur sem felst í þeirri reynslu og þekkingu sem Vestfirðingar hafa öðlast í gegnum átta ára markvissa þróun á áframeldi þorsks.

Ef rétt er á málum haldið, áfram unnið á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og stutt við bakið á þeim sem runnu á vaðið, bendir margt til að áframeldi á þorski, og hugsanlega fleiri fisktegundum, geti orðið stóriðja okkar Vestfirðinga er fram líða stundir.

Hugmynd Kristjáns G. Jóakimssonar, sjávarútvegsfræðings og vinnslu- og markaðsstjóra Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. um miðstöð atferlis- og eldisrannskókna á Vestfjörðum, verður að hrinda í fram kvæmd. Að því ber að vinna með öllum tiltækum ráðum. Sjálfsagt er að frumkvæði Vestfirðinga fái að njóta sín heima í héraði.

Að yfir 70% þess eldisþorsks sem komið hefur til slátrunar á síðustu þremur árum á landsvísu og 54 af um 70 tonnum á síðasta ári hafa komið frá eldisstöðvum á Vestfjörðum, segir allt sem segja þarf. Þungamiðjan er sú, að á þessu sviði eru Vestfirðingar til forustu fallnir ekki síður en þeir hafa verið á flestum sviðum er lýtur að útgerð og fiskvinnslu í gegnum aldir.

Enda þótt við ölum þá von í brjósti að viðunandi stjórnun komist á hefðbundnar fiskveiðar og sú atvinnugrein komi til með að skipa stærri sess í atvinnulífi Vestfirðinga en nú, er engum blöðum um það að fletta að á þeim vettvagni eigum við litla möguleika til jafns við þá sem felast í fiskeldinu. Fram hjá því verður ekki horft.

Vestfirðingar hafa eftirlátið öðrum kapphlaupið um álverksmiðjur sem á engan hátt skal gert lítið úr. Þvert á móti er sjálfsagt að uppbygging slíkrar stóriðju sé liður í atvinnulífi landsmanna að ákveðnu marki.

Við eigum hins vegar alla möguleika á annars konar stóriðju sem myndi auka möguleika fólks til búsetu á Vestfjörðum. Þá möguleika eigum við að nýta.

s.h.

Frá útgefendum:

Umboðsaðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flateyri:** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Sófusdóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • ***Netfang prentsmiðju:*** hprent@bb.is • ***Ritstjóri:*** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • ***Ritstjóri netútgáfu:*** Sigurjón J. Sigurðsson • ***Fréttastjóri:*** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sími 456 4448, netfang: gudfinna@bb.is. ***Blaðamenn:*** Haukur Magnússon, sími 695 8158, netfang: haukur@bb.is, Kristinn Jónsson, sími 456 3068, netfang: blm@bb.is • ***Ljósmyndari:*** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • ***Fréttavefur:*** www.bb.is • ***Lausasöluverð*** er kr. 200 eintakið m. vsk. • ***Áskriftarverð*** er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti

Snorri Hermannsson, formaður Björgunarfélags Ísafjarðar, og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, undirrita samninginn. Með þeim á myndinni er einnig Pálmi Stefánsson, fulltrúi Björgunarfélagsins í samningaviðræðunum.

Björgunarfélag Ísafjarðar

Gerir þjónustusamning við Ísafjarðarbæ

Björgunarfélag Ísafjarðar og Ísafjarðarbær hafa gert með sér samning þar sem Björgunarfélagið býður sveitarfélaginu og íbúum þess margþætta þjónustu, s.s. björgunaraðgerðir, fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbragðsvaktir. Sem greiðslu fyrir þjónustuna veitir Ísafjarðarbær félaginu styrk sem nemur fasteignagjöldum af húseigninni Sindragötu 6 á Ísafirði auk þess sem gerðar verða upp eldri skuldir vegna fasteignagjalda.

Samningur þessi var undirritaður sl. laugardag við formlega athöfn í húsnæði Björgunarfélagsins að Sindragötu 6 á Ísafirði af þeim Snorra Hermannssyni, formanni Björgunarfélags Ísafjarðar, og Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra. Fyrirhugað er að Ísafjarðarbær geri sambærilega samninga við aðrar björgunarsveitir í sveitarfélaginu.

Héraðsdómur Vestfjarða

17 ára sviptur ökurétti í ár

Karlmaður á 18. aldursári var fyrir Héraðsdómi Vestfjarða í síðustu viku, sviptur ökurétti í tólf mánuði og gert að greiða 15.000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir umferðar- og hegningarlagabrot.

Ákvörðun refsingar að öðru leyti var frestað skilorðsbundið í tvö ár.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa um kl. 06:56 sunnudaginn 19. ágúst 2001, ekið bifreið suður þjóðveg 61 án nægjanlegrar aðgæslu og líkamlega ófær um að stjórna örugglega vegna svefnleysis þannig að hann sofnaði við stjórn hennar með þeim afleiðingum að á vegarkafla neðan við Brekku í Súðavíkurhreppi, lenti bifreiðin út af veginum og valt niður í fjöru og farþegi í aftursæti hennar kastaðist út úr bifreiðinni og hlaut svo mikla áverka að hann lést samstundis. Annar farþegi í bifreiðinni slasaðist lítillega.

Þá var maðurinn ákærður fyrir að hafa ekið bifreið á Óshlíðarvegi um Steinadalsófæru á 74 km hraða þar sem leyfður hámarkshraði var 50 km á klst. og fyrir að hafa ekið norður Skutulsfjarðarbraut, við Karlsá, á 75 km hraða þar sem leyfður hámarkshraði var 60 km á klst.

Ákærða var einnig gert að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. þóknun til skipaðra verjenda sinna, Björns Jóhannessonar hdl. og Björns L. Bergssonar hrl. Dóminn kvað upp Erlingur Sigtryggsson, héraðsdómari.

ÍSAFJARÐARBÆR

EYRARSKJÓL

Á leikskólanum Eyrarskjóli er laus 50% staða e.h. á yngstu deildinni, þar sem aldur barnanna er 1-3 ára. Vinnutími er frá kl. 13-17. Leikskólakennaramenntun eða reynsla af vinnu með börnum æskileg.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 456 3685.

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snerpa.is

Einbýlishús / raðhús

Engjavegur 24: 126,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Frábær sólbaðsaðstaða. Laust 1. ágúst 2001.** Áhv. ca. 4,6 m.kr. **Verð 7,5 m.kr.**

Hafraholt 50: 138,4 m² Hosby einingahús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**

Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Fallegt útsýni. **Skipti á minni eign möguleg Tilboð óskast**

Hjallavegur 19: 242 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ýmis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 m.kr. **Verð 10,5 m.**

Hlíðarvegur 37: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklingsíbúð. Skipti á minni eign koma til greina. **Verð 10,2 m.kr.**

Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð **Laust fljótlega. Tilboð óskast**

Hrannargata 1: 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði. **Tilboð óskast**

Hrannargata 8a: 78,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. Húsið er uppgert að hluta. **Engin útborgun, selst með yfirtöku lána á 4,4 m.kr.**

Lyngholt 10: 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**

Móholt 9: 194,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Tilboð**

Seljalandsvegur 72: 112 m² einbýlishús á tveimur hæðum, góður sólpallur. **Verð 8,2 m.kr.**

Urðarvegur 33: 306,3 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð 16 m.kr.**

4-6 herb. íbúðir

Fjarðarstræti 14: 100 m² falleg 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt 60m² kjallara og 27,8 m² geymsluskúr. Baklóð fylgir neðri hæðinni. Áhv. ca. 1,5 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

Fjarðarstræti 38: 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast**

Pólgata 5a: 121 m² 4ra herbergja íbúð á n.h. í þríbýlishúsi ásmt bílskúr , 50% kjallara og eignarlóð. Íbúðin er öll endurnýjuð. **Verð 6,7 m.kr.**

Sundstræti 30: 131,9 m² 5 herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. **Tilboð óskast**

3ja herb. íbúðir

Hlíðarvegur 33: 79,1 m² íbúð á neðri hæð í fjórbýlishúsi ásamt góðum bílskúr. **Verð 6,9 m.kr.**

Hlíf II –Torfensi: 62,5 m² 2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæði í Dvalarheimili aldraða. **Verð 7,1 m.kr.**

Mjallargata 1: 82,8 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi, sér inngangur, sér geymsla. **Verð 6,8 m.kr.**

Pólgata 6: 55 m² risibúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. **Verð 3,9 m.kr.**

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólffflötur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2 m.kr. **Verð 5,3 m.kr.**

Stórholt 9: 80,9 m² góð íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og sameign. Áhv. ca. 2,4 m.kr. **Verð 5,3 m.kr.**

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**

Tangagata 16: 66,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 4,5 m.kr.**

Urðarvegur 49: 102,5 m² kjallaraíbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**

2ja herb. íbúðir

Mjallargata 1: 67,9 m² íbúð í góðu standi á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Áhv. ca. 3,6 m.kr. **Verð 6,5 m.kr.**

Sundstræti 24: 69 m² skemmtileg og rúmgóð íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi. **Verð 4,5 m.kr.**

Túngata 18: 53,4 m² íbúð á 1. hæð í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 4 m.kr.**

Súðavík

Álfabyggð 3: 130,2 m² nýtt og glæsilegt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr, sólstofu og tveimur sólpöllum. **Verð 11.5 m.kr.**

Suðureyri

Hjallavegur 11: 138,2 m² einbýlishús á einni hæð. **Verð 3 m.kr.**

Bolungarvík

Heiðarbrún 3: 224,6 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Tilboð óskast**

Hlíðarstræti 6: 113 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Tilboð**

Vitastígur 25b: 101 m² fjögurra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur. **Tilboð óskast**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1

Elfa Hauksdóttir, ung ísfirsk handverkskona

Hannar öskjur úr bókbandspappa

Ung, ísfirsk handverkskona, Elfa Hauksdóttir, hefur opnað vinnustofuna Formlegt í húsnæði Pólsins á Ísafirði. Þar fer fram framleiðsla á eigin hönnun af öskjum undir skartgripi og smávöru sem unnar er úr bókbandspappa og klæddar með endurunnum pappír.

Elfa sagði í samtali við blaðið að hugmyndin hefði kviknað er hún tók þátt í „Menntasmiðju kvenna“ á Ísafirði fyrir um ári síðan. Þar voru nemendur látnir búa til lampaskerma úr sama efniviði og Elfa notast við núna. Að námskeiðinu loknu byrjaði hún að fikta við að búa til skartgripaskrín og ýmsa smávöru í handverkshúsinu að Mjallargötu 7 á Ísafirði. Nokkru síðar átti Dýrfinna Torfadóttir, gullsmiður í Gullauga á Ísafirði, þar leið um og segja má að hún hafi uppgötvað hæfileika Elfu sem hefur síðan hannað öskjur undir skartgripi Dýrfinnu. Fyrstu sex mánuðina hafði Elfa eingöngu tvo viðskiptavini en hefur að undanförnu verið að færa út kvíarnar. Fyrir þremur vikum sendi hún sýnishorn til allra gullsmiða í Gullsmíðafélagi Íslands og hefur nú þegar fengið fjóra nýja viðskiptavini. Elfa segist geta framleitt allt mögulegt sem hægt er að framleiða úr pappa, „fólk kemur bara með hugmyndina, ekkert mál“. Hún framleiðir t.d. stærri öskjur undir stórar skálar fyrir Rammagerð Ísafjarðar og getur framleitt 40-50 öskjur á viku, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Öskjurnar glæsilegu sem Elva framleiðir.

Ísafjörður

Verslunin Basil hættir

Fataverslunin Basil á Ísafirði sem starfrækt hefur verið um níu ára skeið, hættir rekstri á morgun, fimmtudaginn 7. mars.

Sigrún Baldursdóttir, eigandi verslunarinnar til fimm ára, segir margar ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun að hætta rekstri. Samdráttur hafi orðið í verslun, óhagstæð gengisþróun auk þess sem hana hafi langað til að breyta til. Rekstur verslunarinnar var auglýstur til sölu fyrir stuttu og segir Sigrún engin áþreifanleg viðbrögð hafa borist.

„Lokun verslunarinnar stafar aðallega að því að mig er farið að langa til að söðla um og gera eitthvað nýtt. Mér er sagt að það sé algengt í rekstri sem þessum að fólk hugsi sér til hreyfings eftir fimm ára starf og því er eðlilegt að ég fari að leita á ný mið núna," segir Sigrún.

Hún segir reksturinn hafa gengið ágætlega frá því hún tók við honum þrátt fyrir að Vestfirðingar séu ekki nógu duglegir að versla í heimabyggð.

„Það er þónokkuð um það að fólk versli frekar fyrir sunnan heldur en hér heima. Ég skil það að vissu leyti, því verslanir þar geta í flestum tilfellum boðið upp á meira vöruúrval en við, þar sem smæð markaðarins takmarkar okkur nokkuð. Það hefur verið hálf fúlt að horfa á fólk koma með troðna poka úr verslunarferðum syðra þegar við erum með fulla búð af nýjum fötum," sagði Sigrún.

Vestfirðir

Átta stúlkur taka þátt

Undirbúningur fyrir fegurðarsamkeppnina „Ungfrú Vestfirðir 2002" er nú hafinn af fullum krafti. Átta stúlkur skráðu sig í keppnina að þessu sinni, fimm frá Ísafirði, ein úr Bolungarvík og tvær frá Þingeyri.

Þær stúlkur sem keppa um titilinn í ár eru Aðalheiður Hoblyn, Rakel Magnúsdóttir, Hanna Rósa Hjálmarsdóttir, Perla Dögg Jensdóttir og Sunneva Sigurðardóttir, allar frá Ísafirði, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sigríður Guðrún Kristjánsdóttir frá Þingeyri og Katrín Pálsdóttir frá Bolungarvík.

Keppnin fer fram í Krúsinni á Ísafirði laugardaginn 6. apríl. Nánar verður fjallað um keppnina er nær dregur.

Um sextíu manns mættu til fundarins sem haldinn var í fyrirlestrarsal Menntaskólans á Ísafirði.

Fundur um stöðu og framtíðarsýn í þorskeldi á Vestfjörðum

Þorskeldi á Vestfjörðum er ákjósanlegur kostur

Í síðustu viku fór fram í fyrirlestrarsal Menntaskólans á Ísafirði, fundur um stöðu og framtíðarsýn í þorskeldi á Vestfjörðum. Um sextíu manns mættu til fundarins en til hans höfðu verið boðaðir rannsóknar- og hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, þingmenn, ráðherrar, fulltrúar ráðuneyta og sveitafélaga. Auk framsögu um þorskeldi var fjallað um umhverfismál fiskeldis og sjúkdóma og snýkjudýr í fiskeldi og varnir gegn þeim, sem og kynbætur í fiskeldi.

Í framsöguræðu Hjalta Karlssonar, forstöðumanns Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði, kom m.a. fram að tilraunir með áframeldi þorsks á Vestfjörðum hafa staðið yfir um átta ára skeið á sjö stöðum á Vestfjörðum af um þrettán stöðum á landinu. Hann sagði lengstu samfelldu tilraunirnar hafa farið fram í Skutulsfirði en einnig hefðu verið gerðar tilraunir um nokkura ára skeið í Tálknafirði og á Patreksfirði. Á síðustu þremur árum hefur yfir 70% þess eldisþorsks sem hefur komið til slátrunar, verið í eldi á Vestfjörðum eða um 54 tonn árið 2001 af um 70 tonnum á landsvísu.

Hjalti sagði aðstæður til þorskeldis í sjókvíum vera ákjósanlegar af mörgum ástæðum, m.a. nálægðar við fiskimiðin, skjólgóðra og djúpra fjarða og viðunandi hitastigs sjávar auk þess sem þekking og reynsla væri til staðar. Helsta vandamálið væri fóðrið, þ.e. loðnan, en lítið hefur veiðst af henni við Vestfirði til þessa.

Sigurjón Arason, efnafræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, kynnti tilraunir sem gerðar hafa verið á Tálknafirði með steinbít sem fóður. Sagði hann tilraunirnar hafa skilað góðum árangri og ekkert benti til að steinbíturinn væri síðri fóður en loðnan. Sigurjón sagði að reynslan hefði sýnt að notkun fiskúrgangs væri mjög góður kostur og benti í því sambandi á að þyngdarauknin eldisfisksins hefði numið rúmlega 100% á þremur mánuðum og þar hefði smáfiskurinn þyngst mest.

Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, fjallaði um umhverfismál fiskeldis og umhverfisathuganir á Vestfjörðum. Hann sagði umhverfismál skipa mikilvægan sess þegar farið væri út í þorskeldi í stórum stíl. Safna þyrfti upplýsingum um dýpi, strauma og hvort fyrir væru þrengsli eða þröskuldar sem hindruðu streymi vatns. Einnig þyrfti að kanna botngerð og lífríki út frá straumum, dýpi og öðrum umhverfisástæðum.

„Út frá þessu er síðan hægt að áætla uppsöfnun lífrænna efna á botninum. Með því að færa eldiskvíarnar til eftir ákveðnu ferli og með marktækum rannsóknum og sýnatökum er hægt að forðast neikvæð áhrif á umhverfið," sagði Þorleifur.

Kristján G. Jóakimsson, vinnslu- og markaðsstjóri Hraðfrystihússins – Gunnvarar taldi framtíðarsýn í þorskeldi á Vestfjörðum fela í sér tvö- til þreföldun framleiðslu á næstu þremur til fimm árum. Hann sagði að koma þyrfti upp miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á Vestfjörðum svo rannsóknir gætu verið í nánu sambandi við vinnsluna.

Á fundinum fluttu einnig fyrirlestur, þeir Sigurður Helgason, fisksjúkdómafræðingur hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum, sem fjallaði um sjúkdóma og snýkjudýr í villtum þorski, Vigfús Jóhannsson, framkvæmdastjóri Stofnfisks hf. sem fjallaði um kynbætur í fiskeldi og Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma á Keldum, sem fjallaði um sjúkdóma og snýkjudýr í fiskeldi og varnir gegn þeim. Að fyrirlestrunum loknum fóru fram pallborðsumræður sem Smári Haraldsson stjórnaði.

Að fundinum stóðu Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf., Ketill Elíasson, Náttúrustofa Vestfjarða og Þórsberg ehf.

Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi

Starf sérfræðings

Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi auglýsir starf sérfræðings laust til umsóknar. Starfið felst í umsjón með virðisaukaskattsskilum og eftirliti með þeim. Umsækjandi þarf að hafa reynslu af skrifstofustörfum og nokkra tölvukunnáttu. Bókhaldsþekking er æskileg. Um er að ræða fullt starf, en ráðið verður í starfið frá 1. apríl 2002. Laun eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Nánari upplýsingar veitir skattstjóri í síma 450 3500. Umsóknarfrestur er til 12. mars nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi
Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

smáar

Til sölu er nýtt kvenreiðhjól af **DBS-gerð**. Upplýsingar í síma 456 3484.

Óska eftir notuðu **snjóbretti** fyrir 11-12 ára, ódýrt eða gefins. Uppl. í síma 456 7549 eftir kl. 15.

Til sölu er **Toyota** 4Runner árg. 1990, fallegur bíll á góðu verði. Einnig er til sölu á sama stað, **íbúð** að Fjarðarstræti 13. Upplýsingar í síma 864 1341.

Til sölu er Motorola **bílasími**. Uppl. í síma 456 3921.

Til sölu er **Suzuki** Swift árg. 1989. Upplýsingar í síma 456 4324.

Til sölu er 120 m² íbúð á jarðhæð við Engjaveg á Ísafirði. Barnvænt umhverfi. Uppl. í síma 691 4124.

Átt þú **snjóbretti** sem þú vilt láta fyrir lítinn pening. Mig vantar bretti, skó og bindingar. Bretti 140 cm og skó nr. 40. Uppl. gefur Helgi í símum 866 5312 og 456 4612.

Vestfirðingar! Ef þið þurfið að fara til Reykjavíkur, þá höfum við góða **íbúð** handa ykkur í hjarta borgarinnar. Uppl. í símum 554 6396 og 568 3229.

Óska eftir að kaupa barnarúm og skrifborð. Uppl. í síma 456 3034.

Óska eftir notuðu **snjóbretti** með bindingum og skóm. Stærð 145 cm. Skór ne. 39. Upplýsingar í síma 847 3389.

Óska eftir íbúð á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í símum 456 5295 og 862 4295.

Til sölu er Polaris Indy 500 **snjósleði** árg. 1991. Einn sá flottasti. Mikið endurnýjaður. Uppl. í síma 861 4850.

Vantar að losna við ársgömul **skíði og klossa**. Skíðin eru 173 cm og skórnir nr. 39-40. Ekki mikið notað. Uppl. í síma 866 5217.

Til leigu er 3ja herb. íbúð á góðum stað á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 866 6877 eftir kl. 17.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78. Sérinngangur. Uppl. í símum 456 3298 og 456 4323.

Ísafjörður

Fræðsla um reykingavarnir

Krabbameinsfélagið Sigurvon á norðanverðum Vestfjörðum hefur ákveðið að efna til fræðslufundar um reykingarvarnir. Fundurinn fer fram á 1. hæð Heilbrigðisstofnunarinnar á Ísafirði á morgun, fimmtudag kl. 17-19. Þar munu mæta fulltrúar frá Reykjavík.

Allir sem hafa áhuga á að kynna sér þessi mál og þeir sem eru að hugleiða að hætta að reykja eru sérstaklega hvattir til að mæta og fá faglega ráðgjöf. Einnig er möguleiki að fá áframhaldandi ráðgjöf í reykbindindi. Þá geta forsvarsmenn fyrirtækja óskað eftir að fulltrúar Krabbameinsfélags Reykjavíkur komi í fyrirtækin og haldi stutta kynningu á morgun og á föstudag.

Leikendur í Gísl ásamt leikstjóranum, Þórhildi Þorleifsdóttur.

Sólrisuhátíð Menntaskólans á Ísafirði

Leikritið Gísl frumsýnt fyrir fullu húsi

Leikfélag Menntaskólans á Ísafirði frumsýndi á sunnudag leikverkið Gísl eftir Brendan Behan í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur. Eins og við mátti búast var fullur salur áhorfenda og virtust þeir skemmta sér hið besta við leikræna tilburði nemendanna.

Á fjórða tug manna kom að uppfærslu leikritsins á einn eða annan hátt, en í ár var bryddað upp á þeirri nýbreytni að ráða sérstakan tónlistarstjóra til verksins, Tómas Guðna Eggertsson, sem stýrði tónflutningi á fagmannlegan máta. Leikritið fjallar um hóp undirmálsmanna sem hafa aðsetur í pútnahúsi í Dyflinni og viðbrögð þeirra þegar komið er með enskan gísl til vistunar þar. Frelsisstríð Íra setur mark sitt mjög á verkið og er nokkuð sungið af írskum þjóðlögum í sýningunni sem stendur á þriðju klukkustund.

Úr einu atriða leikritsins.

Alls eru fyrirhugaðar þrjár sýningar til viðbótar, í kvöld, miðvikudagskvöld, á föstudag og á sunnudag. Sýningarnar eru á sal Menntaskólans en hægt er að panta miða á leikritið á Kaffi Sól í síma 456 5700.

Jón Gnarr á sviðinu í Ísafjarðarbíói.

Grínarinn Jón Gnarr í Ísafjarðarbíói

Fullur salur áhorfenda skemmti sér vel

Grínarinn landsþekkti Jón Gnarr fór með gamanmál í Ísafjarðarbíói á föstudagskvöld fyrir rúmlega fullum sal áhorfenda sem allir virtust skemmta sér hið besta. Var það almennt álit að Jón hefði rifið af sér brandarana og verið betri en nokkru sinni fyrr er hann sagði sögur af rifnum augnalokum, vangefnum vinnufélögum og vanfærum sænskum lesbíum. Uppistand Jóns var fyrsti dagskrárliðurinn af mörgum er eiga eftir að skekja vestfirskt menningarlíf næstu daga, því hin árlega Sólrisuhátíð Menntaskólans á Ísafirði er gengin í garð enn á ný með tilheyrandi dýrð.

Áhorfendur skemmtu sér hið besta.

Byggðaáætlun – ómerkilegt plagg

Um fátt er meira talað um þessar mundir hér vestra en þá byggðaáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi og þau harkalegu viðbrögð sem íbúar á Vestfjörðum hafa sýnt við henni. Ég varð ekki fyrir vonbrigðum, því til þess þarf væntingar. Ég hafði engar væntingar til stjórnvalda um viðsnúning í óbyggðastefnu þeirra. Þau sjö ár sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur setið við völd, hafa ekki verið nýtt til að styrkja búsetuskilyrði í landinu. Þvert á móti hefur verið stefnt að því með meðvituðum aðgerðum á bak við tjöldin að veikja byggð í landinu.

E.t.v. má fagna því að stefnan skuli sett á blað, svart á hvítu, því þannig geta landsmenn loks hætt að tala um að þeir hafi það á tilfinningunni að stjórnvöld ætli sér að láta byggð eyðast af sjálfu sér smám saman. Nú geta flokksfélagar þeirra í sveitarstjórnum ekki lengur hlaupið í vörn fyrir ríkisvaldið og úthrópað þá vinstri menn sem gagnrýnt hafa stjórnvöld fyrir athæfið.

Með því að leggja fram þetta ómerkilega plagg sem á að heita byggðaáætlun fyrir landið allt, er hulunni svipt af þeirri óbyggðaáætlun sem unnið hefur verið eftir um árabil. Nú er stefnan orðin sýnileg, grímulaus og undirrituð í bak og fyrir, þótt sumir þingmenn sem unnu að henni vilji ekki kannast við hana þrátt fyrir að nafn þeirra sé þar undirritað með feitu prentletri. Okkur er jafnvel talin trú um að plagginu hafi verið breytt á lokasprettinum, e.t.v. í prentvélunum.

Vestfirskir sveitarstjórnarmenn hafa loks séð ástæðu til vinna saman og ákveðið að semja sína eigin byggðaáætlun og færa stjórnvöldum vitrænar tilllögur til viðbótar í byggðamálum. Það hefði einhvern tímann þótt tíðindum sæta að fulltrúar sveitarfélaga á Vestfjörðum væru sammála um einhver mál. En því hefur verið haldið fram með réttu að það sem þjappi mönnum saman og geri þá sterkari sé að eiga sameiginlegan óvin. Nú hafa sveitarstjórnarmenn loks komið auga á þennan óvin sem í þessu tilfelli er ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Sú ríkisstjórn er orðin pirruð og lúin á landsbyggðarnöldirnu og þarf á því að halda að komast í frí. Hún hefur setið allt of lengi við völd án þess að nenna því.

„Ríkisstjórnin hefur setið alltof lengi við völd án þess að nenna því“

Bryndís G. Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ skrifar

Byggðaáætlun Vestfirðinga þarf því í raun aðeins að innihalda eina stutta setningu. Skiptum um ríkisstjórn!

Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ.

Knattspyrnuvöllurinn á Torfnesi.

Tillaga að endurskipulagningu knattspyrnusvæðisins á Torfnesi

Gervigrasvöllur liður í endurskipulagningunni

Boltafélag Ísafjarðar hefur lagt fram tillögu um endurskipulagningu knattspyrnusvæðisins á Torfnesi. Á fundi sem fulltrúar BÍ áttu með bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar fyrir skömmu var rætt um framtíð Torfnesssvæðisins en fulltrúar BÍ segja mikilvægt ganga frá þessum málum sem fyrst þar sem fjöldi iðkenda hafi aldrei verið meiri og eftir tvö ár verður félagið væntanlega komið með meistaraflokk skipaðan heimamönnum. Ef byrja á að byggja upp fótboltavelli á Torfnesi í ár þarf um 15-20 milljónir króna til verksins og hefur BÍ óskað svara við því hvort Ísafjarðarbær geti lagt fram fjármagn til framkvæmdanna.

Meðal forsvarsmanna BÍ eru hugmyndir um að nýta gervigras á annan völlinn en venjulegt gras á hinn. Ekki liggur fyrir nákvæm kostnaðaráætlun við slíka framkvæmd en steypa þarf undir gervigrasið og leggja í það hitalagnir. Hitann mun hins vegar ekki þurfa að setja á nema þegar verið er að bræða af vellinum á vorin því ekki má moka velli með gervigrasi. Er talið að slíkar framkvæmdir muni kosta um um 40 milljónir króna en forsvarsmenn BÍ benda á að í staðinn sparist æfingasvæði inni í Tungudal og kostnaður við að gera malarvöllinn að grasvelli. Þá tekur gervigrasvöllur við miklu fleiri iðkendum en venjulegur grasvöllur.

Á fundi bæjarstjóra og fulltrúa BÍ kom fram að þegar núgildandi skipulag fyrir Torfnes var samþykkt, var það m.a. gert á grundvelli vinnu nefndar sem gerði ráð fyrir því að frjálsíþróttasvæði yrði áfram á Þingeyri en ekki á Ísafirði. Í umræðum um hugsanlega staðsetningu vallarins inni í Tungudal og framtíðarmöguleika þar, kom fram hjá fulltrúum BÍ að þeim þykir sú umræða kasta málinu um of á dreif og geta orðið til þess að ekkert verði framkvæmt næstu árin ef áfram þarf að bíða eftir ákvörðun um hvort Torfnessvæðið henti eða henti ekki. Benda þeir á að Torfnessvæðið sé miðsvæðis og að þar sé vallarhús fyrir hendi. Einnig að nægilegt rými sé fyrir sundlaugarbyggingu við íþróttahúsið þrátt fyrir tvo fótboltavelli.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur vísað tillögu Boltafélags Ísafjarðar til umræðu í fræðslunefnd og umhverfisnefnd og óskar eftir að hvor nefnd um sig tilnefni einn fulltrúa í starfshóp er vinni að kostnaðaráætlun og frekari undirbúningi þessa máls. Þá hefur bæjarráð falið bæjarstjóra að skrifa BÍ og HSV bréf og óska eftir tilnefningu á fulltrúum frá í starfshópinn.

Göngustígur frá Torfnesi að Ljóninu

Vilja hraða framkvæmdum

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur falið tæknideild bæjarins að hefja vinnu við hönnun göngustígs frá Torfnesi að Verslunarmiðstöðinni Ljóninu á Skeiði á Ísafirði og leggja fram kostnaðaráætlun vegna verksins. Er þetta gert samkvæmt tillögu frá umhverfisnefnd sem leggur áherslu á að þessum framkvæmdum verði hraðað svo tryggja megi örryggi gangandi vegfarenda en jafnframt yrði þá hægt að hækka leyfilegan hámarksökuhraða á þessu svæði.

Að sögn Sigurðar Mar Óskarssonar hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar hefur málið verið í umræðunni lengi eða allt síðan lokið var við gerð göngustíga frá Ljóninu inn að Holtahverfi og frá Menntaskólanum að Hafnarstræti. Þarna sé því í raun um að ræða síðasta áfangann af þremur og er hönnunarvinnan fyrsta skrefið í þeim framkvæmdum en hins vegar sé alls óákveðið hvenær verklegi þátturinn muni hefjast.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Fjölbreytt námskeið í boði á vorönn

Á fimmta tug námskeiða eru í boði hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á vorönn 2002. Nokkur þeirra eru þegar hafin og má þar nefna námskeið í ensku, frönsku, rússnesku, íslensku fyrir útlendinga og ýmsa tölvufræðslu. Þá er fyrirhugað tölvunámskeið í Árneshreppi á Ströndum nú um helgina í samstarfi við tölvuþjónustuna Snerpu á Ísafirði og þann 12. mars nk. munu sömu aðilar standa fyrir myndvinnslunámskeiði á Ísafirði þar sem kennt verður á myndvinnsluforritið Photoshop.

Fyrir þá sem hafa áhuga á gömlum húsum, má benda á námskeið í viðhaldi og endurbótum eldri timburhúsa sem haldið verður 15. mars í samstarfi við Menntafélag byggingariðnaðarins, Húsafriðunarnefnd ríkisins og Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar.

Af öðrum námskeiðum sem eru á döfinni hjá Fræðslumiðstöðinni en hafa ekki fengið ákveðna dagsetningu, má nefna námskeið í teikniforritinu AudoCad 2000, Exel I, glærugerð í Power Point og GPS-staðsetningarkerfinu. Einnig verður boðið upp á alhliða matreiðslunámskeið fyrir karlmenn, námskeið í akademískum vinnubrögðum, námskeið í pólsku og pólskri menningu og skrautskriftarnámskeið. Almenna reglan er sú að á hvert námskeið þarf ákveðinn lágmarksfjölda og því er nauðsynlegt að fólk skrái sig sem fyrst á þau námskeið sem það hefur áhuga á.

ÍSAFJARÐARBÆR

STARF YFIRMANNS VIÐ HAFNIR ÍSAFJARÐAR

Staða yfirmanns við hafnir Ísafjarðarbæjar er laus til umsóknar.

Yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar sér um daglega stjórnun hafnarsvæðisins, deilir út verkefnum og sér almennt um starfsmannastjórnun. Hann skal geta sinnt öllum helstu verkum á höfninni og sér um kynningu og markaðssetningu. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Leitað er eftir einstaklingi með haldgóða menntun, lipurð í mannlegum samskiptum og reynslu í markaðssetningu og stefnumótunarvinnu. Góð íslensku- og enskukunnátta er áskilin, ásamt reynslu af stjórnunarstörfum og fjármálaumsjón.

Æskilegt er að væntanlegur yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar geti hafið störf sem fyrst.

Allar nánari upplýsingar gefur bæjarstjóri í síma 450 8000. Umsóknarfrestur er til 20. mars 2002. Skila skal skriflegri umsókn með upplýsingum um menntun, starfsferil og reynslu umsækjanda. Umsóknir skulu sendar á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, merktar „Hafnir Ísafjarðarbæjar – umsókn um starf".

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Hafnir Ísafjarðarbæjar eru sjötta stærsta höfn landsins miðað við tekjur. Hafnirnar eru á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Samsetning tekna hefur breyst mikið á undanförnum árum eins og á öðrum höfnum landsins. Fjöldi smábáta hefur aukist, vöruflutningar um hafnirnar hefur minnkað og ferðaþjónusta aukist. Það er stefna hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar að auka umsvif hafnanna. Eitt af hlutverkum yfirmanns hafna Ísafjarðarbæjar verður að vinna að stefnumótun með hafnarstjórn í þeim tilgangi að efla starfsemi hafna Ísafjarðarbæjar og auka viðskipti. Í athugun hjá Ísafjarðarbæ eru samlegðaráhrif þess að sameina hafnar- og umhverfissvið. Einnig hefur Ísafjarðarbær lagt fram tillögur til nágrannasveitarfélaga sinna um stofnun hafnarsamlags sveitarfélaganna þriggja á norðanverðum Vestfjörðum.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Kvensjúkdómalæknir

Jens Guðmundsson kvensjúkdómalæknir verður með móttöku og aðgerðir á Ísafirði dagana 11.-15. mars nk.

Tímapantanir eru í síma 450 4500, á milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.

Ertu orðinn áskrifandi? Áskriftarsíminn er 456 4560

„Mun alltaf bera hlýjan hug til Bolungarvíkur“

– segir Herbert Guðmundsson poppari og fyrrverandi Bolvíkingur

Popparinn síungi, Herbert Guðmundsson, sem nú starfar sem sölu- og markaðsstjóri hjá Íslensku vegahandbókinni var í viðskiptaerindum á Ísafirði fyrir stuttu. Blaðið hitt Herbert að máli og féllst hann á að segja lesendum frá tónlistarferlinum, árunum í Bolungarvík, aðdáendaklúbbunum og fleiru. Herbert er fæddur í Reykjavík árið 1953. Sautján ára gekk hann til liðs við hljómsveitina Tilveru sem var ein vinsælasta hljómsveitin á þessum árum. Þá starfaði hann með ýmsum öðrum þekktum hljómsveitum s.s. Eik og Pelican. Hann dró sig út úr poppinu undir lok áttunda áratugarins, en hefur átt nokkrar eftirminnilegar endurkomur síðan, m.a. með bolvísku hljómsveitinni Kan, sem gaf út plötuna „Í ræktinni“. Árið 1996 sló hann síðan í gegn í annað sinn á rúmum tíu árum er lagið hans „Can´t Walk Away“ rauk upp vinsældalistana. Herbert var fyrst spurður út í nýjustu afurðina, diskinn „Ný spor á íslenskri tungu“ sem kom út fyrir síðustu jól.

Með landsliðið til aðstoðar

„Sú plata spannar ferilinn frá a til ö. Á henni tek ég lög sem ég hef sungið á íslensku á öllum tímum tónlistarferils míns. Ég tek t.d. tvö Kan lög á plötunni, lagið „Steypa og gler“ og smellinn „Megi sá draumur“ auk nýrra laga. Þessi plata endurspeglar því sjöunda, áttunda, níunda og tíunda áratuginn að ógleymdu því sem ég er að gera í dag. Öll eldri lögin eru unnin upp á nýtt en byggja þó á sömu tónsmíðum.

Platan er vel unnin og þakka ég það einna helst samstarfsmönnum mínum, þ.e.a.s. landsliðinu eins og ég vil kalla þá, þeim Jóa Ásmunds úr Mezzoforte, Ingólfi Sigurðssyni úr SSSól, Jóni Elvari úr Stjórninni og Þóri Úlfarssyni sem er í hljómsveit Gunnars Þórðarsonar í þættinum „Milli himins og jarðar“ í Ríkissjónvarpinu.“

Sungið í pottinum

Herbert segir nýju plötuna vera að gera góða hluti og þakkar það laginu „Svaraðu“ sem jafnt ungir krakkar og þeir eldri þekkja og syngja af hárri raust. „Ég lenti einmitt í skemmtilegu atviki varðandi það lag hér á Ísafirði í heimsókn minni nú. Þannig var að ég var staddur hjá í Stúdíó Dan og sat frammi og las blað á meðan ég beið eftir Stefáni Dan. Allt í einu heyri ég tvær raddir syngja „Svaraðu! – Kallaðu!“ hárri raust og kom söngurinn frá nuddpottum líkamsræktarstöðvarinnar. Ég hafði gaman af þessu og ákvað að gera smá sprell í strákunum, þannig að þegar viðlaginu lauk, gægðist ég inn í herbergið til þeirra og sagði: „Ég er kominn strákar!“ Undrunarsvipurinn á þeim var alveg óborganlegur, enda ekki á hverjum degi sem söngvari tekur undir þegar maður er að raula lögin hans í baði.“

Svaraði kallinu vestur

–Þú fluttist til Bolungarvíkur árið 1980, eftir að hafa verið fjarri sviðsljósinu í nokkurn tíma og bjóst þar í fjögur ár. Hvernig kom það til að fyrrverandi poppstjarna og sjómaður úr Reykjavík ákvað að flytja til Bolungarvíkur?

„Á þessum tíma var verið að stofna hljómsveitina Kan og þá vantaði söngvara. Finnbogi Kristinsson, bassaleikari sveitarinnar hafði frétt af því að ég væri nýskilinn, svo hann hringdi í mig og bauð mér söngvarastöðuna og sagðist einnig geta reddað mér vinnu og húsnæði. Mig langaði að reyna eitthvað nýtt eftir skilnaðinn og ákvað því að fara vestur, fara að rokka á ný.“

Stofnendur Kan voru þeir Finnbogi Kristinsson bassaleikari, Magnús Hávarðarson gítarleikari, Haukur Vagnsson trommuleikari og Kristinn Elíasson hljómborðsleikari. Haukur og Kristinn helltust fljótt úr lestinni og í þeirra stað komu Hilmar Valgarðsson frá Skagaströnd og Alfreð Erlingsson frá Ísafirði. Herbert segir Kan upphaflega hafa verið bílskúrshljómsveit sem spilaði „brennivínstónlist“ en það hafi fljótlega breyst eftir komu hans.

„Ég hafði alið manninn í stærri böndum eins og Pelican og Eik þannig að ég gat ekki sætt mig við neinn hálfkæring. Við komu mína vestur hóf hljómsveitin að æfa meira, við keyptum söngkerfi og lögðum mun meiri metnað í allt, enda var það ætlunin hjá strákunum þegar þeir fengu mig til liðs við hljómsveitina, að setja meiri metnað í hlutina.

Fólk vildi lifandi tónlist

Spiluðu þið mikið á böllum?

„Vissulega, oftast tvö kvöld í viku. Ballmenningin á þessum tíma var mun meiri en nú. Fólk vildi lifandi tónlist, það vildi gera sér glaðan dag og dansa. Pöbbarnir hafa breytt þessu mikið á síðustu árum, það er helst á menntaskólaböllum sem maður er minntur á þessa gömlu góðu daga.“

– Á hvaða stöðum voru þið helst að spila?

„ Við spiluðum mest í Bolungarvík og okkur tókst að halda uppi góðri ballmenningu þar, lágmarkið var tvö böll á mánuði í Víkinni. Svo spiluðum við í öllum félagsheimilum s.s. í Hnífsdal, í Súðavík, á Flateyri, Þingeyri og á Suðureyri. Stútungsböllin á Flateyri voru fræg því svitinn lak niður veggina á þeim. Eins voru hestamannaböllin á Þingeyri árviss viðburður í spilamennsku okkar.“

Beðinn um að nefna eftirminnilega atburði frá þessum tíma, nefnir Herbert tvo dansleiki sem haldnir voru í Félagsheimilinu í Hnífsdal. „Ég man vel eftir flottu hlöðuballi sem við héldum með hljómsveitinni Grafík. Satt best að segja er ég mjög hissa á því að ball sem þetta hafi verið leyft. Við fengum lánaða heybagga til að hafa á sviðinu af því að þetta átti að vera alvöru hlöðuball. Í dag áttar maður sig á því að það hefði vel getað gerst að einhver fullur krakki hefði í gríni borið eld að þessu eða rekið logandi sígarettu í heybaggana og þannig stefnt ballgestum í mikla hættu. Við spáðum náttúrlega ekkert í þetta, enda ungir og vitlausir. Sem betur fer gerðist ekkert þrátt fyrir að um 700 manns hefðu verið á ballinu. Reyndar var þessi góða mæting uppreisn æru fyrir mig, því sama kvöld var Pelican með ball í Sjallanum og þar varð hálfgert messufall. *(Herbert skildi ekki sáttur við hljómsveitina á sínum tíma. Innsk blm).*

Í annað skipti áttum við að spila í Hnífsdal á Gamlárskvöld. Upp úr miðnætti héldum við af stað til Hnífsdals og þegar við vorum búnir að keyra hálfa Óshlíðina, kemur stórt snjóflóð úr fjallinu og lokar veginum. Við gátum náttúrlega ekki verið þekktir fyrir að mæta ekki á okkar eigin ball og því urðum við að labba yfir flóðið, og setja okkur þar með í lífshættu fyrir eitt ball. Báðar þessar sögur tel ég vera til marks um hversu grænir við vorum í þá daga. En maður eldist sem betur fer.“

Fann ástina í Víkinni

Herbert endurnýjaði ekki aðeins kynni sín af tónlistargyðjunni á meðan hann var í Bolungarvík, heldur komst hann einnig í kynni við annars konar gyðju. „Ég var svo gæfusamur að kynnast ungri stúlku fljótlega eftir að ég kom. Hún var úr Reykjavík eins og ég og við fórum fljótlega að slá okkur upp. Innan skamms tíma vorum við búin að leigja okkur íbúð og þá var ekki aftur snúið. Nú er þetta konan mín til margra ára. Þess vegna ber ég alltaf hlýjar minningar til Bolungarvíkur, þar kynntist ég konunni minni sem ég elska innilega og á þrjú börn með.“

Draumur hverrar hljómsveitar er að setja mark sitt á heiminn með plötuútgáfu. Hljómsveitin Kan var þar engin undantekning og meðlimir hennar fóru fljótt að leggja inn á „plötusjóð“ ákveðna prósentu af innkomu hvers dansleiks. Ekki þurftu þeir að safna lengi og héldu þeir fljótt í hljóðver. Afrakstur þeirrar

ferðar var platan „Í ræktinni“ sem út kom á haustdögum 1984.

„Í ræktinni var alveg dúndurplata, hún heppnaðist mjög vel. Vitaskuld seldist hún mest hér fyrir vestan en við fengum einnig góðar móttökur um allt land og héldum nokkra velheppnaða tónleika í Reykjavík. Lagið „Megi sá draumur“ sló líka í gegn á Rás 2 og var mikið spilað.“

Slegið í gegn

Fljótlega eftir útkomu plötunnar fór hugur Herberts að leita á ný suður yfir heiðar. Hann flutti til Reykjavíkur á haustdögum 1984 en hljómsveitin Kan hélt sínu striki og starfaði áfram um tíma með Sauðkrækinginn Magnús Helgason við hljóðnemann. Herbert var hinsvegar upptekinn við að stofna fjölskyldu og hefja undirbúning að plötu sem átti eftir að koma honum á kortið svo um munaði.

„Þegar „Dawn Of The Human Revolution“ kom út átti ég aldrei von á svona frábærum viðtökum. Vissulega hafði ég mikla trú á plötunni en mig óraði aldrei fyrir því hversu mjög hún átti eftir að slá í gegn. Það get ég víst þakkað vinsælasta laginu sem ég hef samið til þessa „Can´t Walk Away“. Lagið er algjör sprengja, það bregst ekki að þegar ég tek þetta lag, fara allir í stuð.“

– Urðu vinsældir plötunnar aldrei til þess að þig langaði að „meikaða“ erlendis?

„Vissulega datt manni í hug að gaman væri að öðlast frægð á erlendri grundu, en þetta atvikaðist bara þannig að þegar ég var kominn á fullt í tónlistinni, var ég einnig kominn með fjölskyldu og því fannst mér ég hvorki hafa tíma né orku í það að fara að beita mér erlendis og dvelja langdvölum frá fjölskyldunni. Jón Ólafsson í Skífunni ætlaði að vísu að reyna að pota mér áfram en það var aldrei unnið neitt markvisst að því, enda erfiðara að kynna einherja tónlistarmenn en heila hljómsveit. Ég hef hins vegar fengið einhverja spilun úti og ég veit að lagið mitt komst á lista í Noregi og ég fæ því af og til stefgjöld að utan. Síðast var ég að fá ávísun fyrir spilun á laginu „Dawn Of The Human Revolution“ í Ungverjalandi. Það er mjög gaman að vita af eintaki af plötunni sem ég gaf út 1985 stöddu í Ungverjalandi.“

Frí frá harkinu

Eftir velgengni „Dawn Of The Human Revolution“ hélt Herbert áfram að semja lög og gefa út plötur með ágætum árangri þótt ekki tækist honum að endurtaka velgengni fyrstu plötunnar. Þannig hélt hann áfram að starfa í „bransanum“ í hartnær áratug, en tónlistarbransinn er lýjandi og árið 1994 var Herbert kominn með nóg af harkinu og ákvað að taka frí frá öllum sem viðkom tónlist. Hann fluttist því ásamt fjölskyldu sinni til Norrköping í Svíþjóð þar sem hann reyndi fyrir sér í veitingarekstri.

„Mér leið mjög vel í Svíþjóð því þar lærði ég að meta landið mitt. Það er svo margt sem maður tekur sem sjálfsagðan hlut hér sem ekki er að finna annars staðar. Ég bjó í Svíþjóð í þrjú ár og opnaði þar kaffihús, ísbúð og litla ísgerð. Þar framleiddi ég ís á íslenska vísu og flutti inn allar íslensku íssósurnar. Þetta mæltist býsna vel fyrir hjá Svíum og reksturinn gekk ágætlega.

– Ísland fór þó fljótleg að toga í þig aftur.

„Já, það má segja að ég hafi verið rifinn aftur heim. Á vordögum 1996 var ég staddur í ísbúðinni minni, með svuntuna á mér að laga ís, þegar síminn hringir. Á línunni var útvarpsstöð á Íslandi, FM 957. Útvarpsmaðurinn Axel Axelsson spyr hvort ég sé ekki Herbert Guðmundsson og segi ég svo vera. Þá spyr hann mig hvort ég viti að lagið mitt sé orðið vinsælt á Íslandi. Ég hélt að maðurinn væri að grínast og segi hvumsa: Heyrðu vinur, lagið mitt? Ég hef ekki gefið út plötu síðan 1993.

Eftir nokkurn tíma tókst Axel loks að koma mér í skilning um að þetta væri ekkert grín, lagið „Can´t Walk Away“ hafði slegið í gegn öðru sinni. Um þessar mundir var starfræktur einhvers konar „Eighties“ þáttur á útvarpsstöðinni og þeir opnuðu alltaf þáttinn á mínu lagi. Þá fóru krakkarnir að hringja inn og spyrja um plötuna, hvar væri hægt að nálgast hana, en hún var náttúrlega löngu uppseld. Því ákvað ég að snúa heim til að anna eftirspurn og í samstarfi við Skífuna var platan endurútgefin á geisladisk árið 1996. Í þeirri ferð kom ég fram nokkrum sinnum en sneri síðan aftur út til Svíþjóðar.“

– En stoppaðir ekki lengi?

„Nei. Eftir að ég kom aftur út var sífellt verið að hringja í mig og biðja mig um að koma fram á skemmtunum hjá menntaskólum, háskólum, starfsmannafélögum, árshátíðum og öðru slíku. Þetta varð til þess að mig fór að klæja í lófana með það að flytja aftur til Íslands og hamra járnið meðan það væri heitt. Fjölskyldan flutti heim og höfum verið hér síðan.“

Síðan þá hefur Herbert notið mikilla vinsælda og gefið út hverja plötuna á fætur annarri. Hann segir ætla að halda ótrauður áfram og spila svo lengi sem einhver vilji hlusta á hann.

Platan hvarf í partíum

Þrátt fyrir að upprisa Herberts í tónlistarbransanum sé tiltölulega nýtilkomin, átti Herbert alltaf fasta aðdáendur sem aldrei misstu trúna á hann og fylgdu honum í gegnum þykkt og þunnt. HG-klúbburinn, félag aðdáenda Herberts hefur verið starfræktur frá miðjum níunda áratug síðustu

aldar og segist Herbert ekki vita nákvæma tölu félaga, en þegar hann spilaði síðast á árshátíð klúbbsins, voru þar samankomnir um 240 manns.

„HG-klúbburinn var stofnaður af strákum úr Verslunarskólanum. Þetta var á tíma vínilplatnanna og þeir tóku eftir því að alltaf þegar platan mín „Dawn Of The Human Recolution“ var sett á fóninn fékk hún að vera þar óáreitt. Það þótti þeim óvenjulegt því venjan í partíum var sú lög fengu sjaldnast að klárast, hvað þá heilar plötur. Einnig tóku þeir eftir því að þegar partíin voru sérstaklega fjörug, hvarf platan oftast. Eftir að hafa veitt þessu athygli, jókst áhugi þeirra á mér og minni tónlist og í kjölfarið ákváðu þeir að stofna HG-klúbbinn, sem í fyrstu var lítill félagsskapur sem hélt Herberts-kvöld af og til.“

– Vissir þú af stofnun þessa klúbbs?

„Ekki fyrr en miklu síðar. Ég frétti fyrst af starfseminni þegar þeir höfðu samband við mig nokkrum árum eftir stofnun klúbbsins. Þá voru allar plöturnar horfnar og árshátíð klúbbsins framundan. Þeir hringdu í mig og báðu mig um að spila á árshátíðinni og útvega þeim eintak af plötunni sem ég og gerði. Síðan þá höfum við verið ágætis kunningjar og klúbburinn hefur vaxið mikið. Nú eru árshátíðir haldnar reglulega og klúbbfélagar hittast oft.“

Herbert segir annan klúbb hafa verið stofnaðan í vetur á Akureyri og fyrir stuttu hafi hann frétt af hressum krökkum í Viðskiptaháskólanum á Bifröst sem hafi stofnað annan klúbb. Þeir séu því orðnir þrír í dag. Hann segir það mikla upphefð að klúbbur sé starfræktur sér til heiðurs, hvað þá þrír. „Vissulega er mér sýndur mikill heiður með þessu og ég er óendanlega þakklátur því fólki sem komið hefur að starfsemi klúbbanna. Ég vil þó taka fram að ég hef hvergi komið nálægt stofnun þeirra, þetta fólk hefur tekið það upp hjá sjálfu sér. Mér finnst það virkilega ánægjulegt þegar tónlistin mín nær að sameina fólk eins hér hefur gerst.“

Dvölin vestra breytti lífinu til hins betra

Aðspurður um hvort hann gæti hugsað sér að flytja á ný til Bolungarvíkur, segir hann litlar líkur á því, en tekur fram að hann muni alltaf hugsa vel til Bolvíkinga sem og annarra Vestfirðinga.

„Í raun er það að hluta til Vestfirðingum að þakka að ég er það sem ég er í dag því það má segja að strákarnir í Kan hafi komið mér að nýju í tónlistina. Svo kynntist ég konunni minni hér og margt annað gerðist hér á þeim fjórum árum sem ég var hér sem hefur breytt lífi mínu til hins betra. Ég væri sjálfsagt á einhverri annarri hillu, hefði ég ekki komið hingað. Hér hef ég náð bestu sambandi við sjálfan mig, það gerði náttúran, fjöllin og hafið og svo var mjög vinalegt að búa í litlum bæ. Maður var meira með púlsinn á samfélaginu þegar ég bjó í Bolungarvík, eða eins og ég söng með Kan á sínum tíma:

„Ég bjó í verbúð í Bolungarvík, þar var nóg um vinnu og blómlegt líf.

Spiluðum um helgar, vítt og breitt, á Ísafirði, Hnífsdal og Bolungarvík.

Fjallanna óður seiddi mig, ég virtist skilja sjálfan mig.

Eins og úr fjarska þau segja mér, hví ekki að dvelja lengur hér?“

haukur@bb.is

Kraumandi hitabeltisfjör á árshátíð Heilbrigðisstofnunarinnar

Árshátíð Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ var haldin sl. laugardagskvöld í Félagsheimilinu Hnífsdal þar sem um 170 manns snæddu saman ljúffengan mat sem SKG-veitingar sáu um, horfðu á skemmtiatriði og dönsuðu fram á nótt við undirleik hljómsveitar Baldurs og Margrétar. Að sögn Ingibjargar Sigtryggsdóttur, veislustjóra og formanns starfsmannafélags stofnunarinnar, tókst árshátíðin í alla staði mjög vel og hefur mæting aldrei verið betri. Boðið var upp á mjög mikið af vönduðum skemmtiatriðum þar sem t.d. voru fluttir leikþættir og sjúkrahússkórinn tróð upp. Þá var einnig frumsýnd heimatilbúin kvikmynd um lífið innan veggja stofnunarinnar eftir þá Andra Konráðsson, heilsugæslulækni, og Inga Þór Ágústsson, hjúkrunarfræðing, við frábærar undirtektir áhorfenda. Höfðu starfsmennirnir fengið góðan tíma til að hita sig upp fyrir árshátíðina enda hafði vikuna á undan verið suðræn þemavika í matsal stofnunarinnar sem skreyttur var heimatilbúnum pálmatrjám af því tilefni. Boðið var upp á suðrænan mat auk þess sem starfsmenn klæddust suðrænum búningum til að lífga upp á tilveruna. Mættu menn síðan sjóðheitir og í miklu stuði á árshátíðina á laugardagskvöldið þar sem kraumandi hitabeltisfjör var fram undir morgun. Ljósmyndari blaðsins kom við á árshátíðinni og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir frá árshátíðinni verður að finna á ljósmyndavef bb.is.

Margt góðra gesta á opnu húsi VoiceEra

VoiceEra ehf. fagnaði eins árs starfsafmæli sl. föstudag og í tilefni þess var opið hús hjá höfuðstöðvum fyrirtækisins að Lambhaga í Bolungarvík frá klukkan 16 til 19. Þar gafst bæjarbúum og öðrum gestum tækifæri til þess að kynna sér starfsemina og hugbúnaðarlausnir fyrirtækisins ásamt því sem boðið var upp á léttar veitingar.

Formleg dagskrá hófst klukkan 17, en þá flutti Hallur Hallsson, forstjóri VoiceEra, stutt ávarp þar sem hann greindi frá því helsta sem fyrirtækið hefur fengist við á sínu fyrsta starfsári og hvað væri framundan hjá því. Á eftir honum hélt Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður, stutta tölu um mikilvægi þess að hátæknifyrirtæki eins og VoiceEra kjósi að starfa í Bolungarvík og nauðsyn þess að efla nýsköpun í atvinnulífi á Vestfjörðum.

Á skrifstofum fyrirtækisins voru helstu hugbúnaðarlausnir keyrðar, m.a. íslenskur raddþekkir og talgervill, og kynntu starfsmenn lausnirnar og svöruðu spurningum. Þá var einnig íbúð búin búnaði sem gerir kleift að nota raddskipanir við stjórnun raftækja til sýnis, en það er verkefni sem fyrirtækið vinnur nú að í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands.

VoiceEra hefur á sínu fyrsta starfsári náð að festa sig vel í sessi og skapað sér afgerandi forskot í hagnýtingu raddtækni hér á landi en upphaflega var markmið fyrirtækisins fyrst og fremst að útvega íslenska markaðinum tungutæknivörur, þ.e. íslenskan raddþekki og íslenska texta í talvél. Fyrirtækið hefur síðan gengið til samstarfs við önnur fyrirtæki og beint spjótum sínum að íslenskum samtökum sem geta hagnast á gagnvirku upplýsingarkerfi byggðu á tungutækninni. Fyrirtækið býður nú m.a. upp á raddstýrt notendaviðmót í gegnum símkerfi með eðlilegum íslenskum setningum og upplýsingarkerfi.

Starfsfólk VoiceEra í afmælisfagnaðinum.

Ólafur Kristjánsson bæjastjóri í Bolungarvík og Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður voru á meðal gesta í afmælinu.

Vasagangan í Svíþjóð

Kristján Rafn varð fyrstur Ísfirðinganna í mark

Kristján Rafn Guðmundsson varð fyrstur Ísfirðinganna í mark í Vasagöngunni sem haldin var í Svíþjóð á sunnudag. Hann rann skeiðið á ríflega 5 klst. og 35 mín. og varð í 1276. sæti. Elías Sveinsson gekk á rúmlega 8 tímum og 4 mínútum og varð nr. 6646, og Gunnar Pétursson, sem nú fagnar því að 50 ár eru liðin síðan hann tók fyrst þátt í þessari keppni, kom í mark á rúmlega tíu og hálfum tíma og varð nr. 11507. Fjórði Ísfirðingurinn, Guðmundur Rafn Kristjánsson þurfti hins vegar að hætta keppni.

Sigurvegari varð heimamaðurinn Daniel Tynell, en hann gekk á rétt tæpum fjórum klukkustundum. Andrus Verpaluu frá Eistlandi, nýbakaður gull- og silfurhafi af Ólympíuleikunum varð að gera sér 8. sætið að góðu og sigurvegarinn í Vasagöngu síðasta árs, Henrik Eriksson varð í 9. sæti. Um 25 Íslendingar voru skráðir til leiks, þar af fjórir Ísfirðingar.

Það var jaxlinn Haukur Eiríksson sem kom fyrstur Íslendinga í mark, gekk á 5 tímum og tveimur mínútum og varð í 515. sæti.

Skíðasvæðin í Tungudal og á Seljalandsdal

Samið um rekstur skíðaskála

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 25. febrúar sl. voru lögð fram drög að samningi milli Ísafjarðarbæjar og Skíðafélags Ísfirðinga um rekstur þjónustuhúss göngumanna á Miðbrún á Seljalandsdal. Jafnframt voru lögð fram drög að rekstrarsamningi milli Ísafjarðarbæjar og foreldrafélags skíðabarna um rekstur skíðaskála á efri hæð og risi skíðaskálabyggingar á skíðasvæðinu í Tungudal.

Samkvæmt samningsdrögunum felur Ísafjarðarbær Skíðafélagi Ísfirðinga umráðarétt yfir þjónustuhúsinu á Miðbrún á Seljalandsdal og mun göngunefnd félagsins hafa full umráð yfir því fyrir hönd félagsins. Ísafjarðarbær mun sjá um greiðslur opinberra gjalda, tryggingа, rafmagns og hita á tímabilinu 1. október til 31. maí ár hvert, auk þess sem sveitarfélagið greiðir árlega efniskostnað til viðhalds hússins að upphæð kr. 75.000 miðað við núverandi vísitölu.

Göngunefndin tekur hins vegar að sér alla vinnu við breytingar og lagfæringu á húsinu við flutning og standsetningu þess á Miðbrún ásamt venjulegu viðhaldi, án þess að greiðsla komi fyrir. Einnig mun nefndin taka að sér að byggja tímatökuturn ofan á húsið ásamt væntanlegri stækkun og sjá til þess að umhverfi hússins verði ávallt til fyrirmyndar. Þá skal göngunefndin sjá um sölu á göngukortum og renna tekjur af þeim til nefndarinnar en Ísafjarðarbær fær yfirlit yfir söluna. Samkvæmt drögum þessum er gert ráð fyrir að samningurinn komi til endurskoðunar í nóvember 2004.

Í samningsdrögum Ísafjarðarbæjar og foreldrafélags skíðabarna kemur fram að Ísafjarðarbær tekur að sér að greiða fasteignagjöld, hitunarkostnað og rafmagnskostnað allt árið. Þá mun sveitarfélagið greiða félaginu kr. 300.000 á ári hverju til viðhalds á öllum lausafjármunum og innréttingum í skíðaskálanum. Foreldrafélagið greiðir hins vegar tryggingar, viðhald, endurbætur og annan kostnað er greiða þarf vegna skálans.

Þá skuldbindur foreldrafélagið sig til að hafa skíðaskálann opinn frá 1. desember ár hvert til 1. maí næsta árs þegar lyftur eru opnar. Ísafjarðarbær mun sjá um að ráða rekstraraðila, sem samþykktur er af foreldrafélagi skíðabarna, til að sjá um greiðasölu og miðasölu fyrir skíðasvæðið en að öðru leyti semur foreldrafélagið við viðkomandi rekstraraðila um rekstur hússins. Rekstrarsamningur Ísafjarðarbæjar og foreldrafélagsins er ótímabundinn en uppsegjanlegur með gagnkvæmum sex mánaða fyrirvara.

Hefur bæjarráð lagt til við bæjarstjórn að ofangreindir samningar verði samþykktir og vísar þeim jafnframt til kynningar í fræðslunefnd.

Húseignin að Hjallavegi 11 á Ísafirði

Engar athugasemdir í grenndarkynningu

Í grenndarkynningu sem nýlega var gerð vegna Hjallavegar 11 á Ísafirði komu ekki fram neinar athugasemdir við breytta notkun eignarinnar. Næstu nágrönnum hafði verið gefinn frestur til 15. febrúar sl. til að koma á framfæri athugasemdum við byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar við þá fyrirætlan Flísarinnar sf. að nýta húsið sem geymslu í tengslum við starfsemi sína en fyrirtækið keypti húsið fyrir skömmu af Björgunarfélagi Ísafjarðar. Eigendur sex húsa við Hjallaveg fengu sent bréf vegna málsins en engar athugasemdir bárust byggingarfulltrúa utan þess að tveir húseigendur höfðu samband og tjáðu honum að þeir gerðu ekki athugasemd við þessa notkun hússins.

Var grenndarkynningin framkvæmd í samræmi við bókun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 14. janúar sl. þar sem ákveðið var að ósk Flísarinnar sf. um gerð lóðaleigusamnings vegna umræddrar lóðar, yrði sett í grenndarkynningu áður en að bæjarráð tæki afstöðu til bókunar umhverfisnefndar sem hafði lagt til að gerður yrði lóðarleigusamningur við fyrirtækið.

Áður hafði íbúi sem búsettur er í nágrenni við húsið gert athugasemd við að húsið skyldi hafa verið selt. Vísaði umræddur íbúi til þess að á þeim tíma þegar íbúðarhúsin við Hjallaveg voru byggð hafi bæjaryfirvöld lofað að húsið, sem þá var áhaldahús Vegagerðarinnar, yrði keypt og rifið við fyrsta tækifæri. Ekki fundust nein skrifleg gögn sem studdu þessa fullyrðingu en hún var hins vegar studd af númerum lóða við götuna.

Húseignin að Hafnarstræti 17 á Ísafirði

Ísafjarðarbær eignast húsið eftir áratuga bið

Ísafjarðarbær hefur gengið að tilboði Halldóru Guðmundsdóttur vegna sölu á eignarhluta hennar í Hafnarstræti 17 á Ísafirði. Um er ræða íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi, ásamt bílskúr og tilheyrandi hlutfallslegri sameign og eignarlóð. Söluverð er kr. 6.500.000 og greiðist við undirritun kaupsamnings en afhending eignarinnar verður samkvæmt nánar samkomulagi. Tilboðið er samþykkt af Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra, með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Stefán Brynjólfsson, byggingafulltrúi á tækni-deild Ísafjarðarbæjar, segir að deiliskipulag fyrir þetta svæði sé komið nokkuð til ára sinna og áratugir síðan fyrst var farið að ræða um kaup á Hafnarstræti 17. Árið 1971 keypti Ísafjarðarkaupstaður efri hæð hússins, hálfan kjallarann og helminginn í eignarlóðinni en ekki náðist samkomulag um kaup á eignarhluta Halldóru fyrr en nú í síðustu viku. Stefán segir að skv. skipulagi hafi aldrei staðið neitt annað til en að húsið yrði fjarlægt enda sé þarna gert ráð fyrir byggingarlóðum sem og annars staðar á svæðinu sunnan við Hafnarstræti. Gatan verður þá lagfært þannig að hlykkurinn sem nú er vegna hússins hverfur og sömuleiðis er gert ráð fyrir að Mjallargatan nái alla leið niður að Pollgötunni þannig að gatnamót verða nokkurn veginn á þeim stað sem húsið stendur núna.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að ekki sé búið að taka ákvörðun um framtíð hússins. Hins vegar hafi óformlega verið rætt um að bjóða það til sölu til flutnings en áður þurfi þó að liggja fyrir hvaða lóð sé hægt að bjóða viðkomandi kaupanda að flytja á. Húsið verði því vonandi ekki rifið enda eitt af þessum virðulegu, húsum á Ísafirði sem eiga sér merka sögu.

Auglýsingar og áskrift 456 4560

Styttist í byggingarframkvæmdir í nýju íbúðahverfi á Tunguskeiði

Framkvæmdir hefjast um leið og frost fer úr jörðu

Fjölmargir hafa lýst áhuga á nýjum húsum sem Múrkraftur ehf. í Ísafjarðarbæ hyggst reisa í nýju íbúðahverfi sem skipulagt hefur á Tunguskeiði á Ísafirði. Hermann Þorsteinsson, annar eigenda Múrkrafts ehf. sagðist í samtali við blaðið vera bjartsýnn á að framkvæmdir gætu hafist um leið og búið væri að ganga frá sölu á fyrstu húsunum og frost væri farið úr jörðu. Hann sagði ennfremur að eftir ætti að hæðarmæla svæðið og þegar niðurstaða þar lægi fyrir, yrði hægt að gefa út endanlegt verð á húsunum.

Um er að ræða átta, svokölluð kubbahús, en í þeim er steinsteypu rennt í mót þar sem einangrun er bæði að utan og innan. Bílskúrar verða við hvert hús. Hér verður um fyrstu nýbyggingar íbúðarhúsnæðis í nýju hverfi á Ísafirði um langt árabil. Slíkar lóðir hafa ekki verið fáanlegar á Ísafirði allt frá því nýja Seljalandshverfið dæmdist úr leik eftir snjóflóðið á Seljalandsdal um miðjan síðasta áratug. Að sögn Hermanns eru næg verkefni hjá Múrkrafti um þessar mundir og nefndi hann í því sambandi byggingu sjö bílskúra í Bolungarvík sem fyrirtækið stæði fyrir.

Út með svindlarana – nú er komið nóg

Davíð Oddsson hefur með einkar hógværum hætti kynnt þjóðinni að honum hugnist ekki að forstöðumenn stofnana ríkisins, hverju nafni sem nefnast, maki krókinn við skyldustörf sín og ætli sér rýmri hlut en þeim er reiknaður samkvæmt lögum og reglum. Davíð á þakkir skilið fyrir að víkja Guðmundi Magnússyni úr starfi tímabundið sem forstöðumanni Þjóðmenningarhúss. Guðmundur sýndi reyndar af sér þá fádæma fávisku að skrifa í blöð og þakka forsætisráðherra traustið eftir að Davíð hafði umsvifalaust tekið upp skriffærin og ávítað hann fyrir hátternið, þótt með óformlegum hætti væri. Þjóðin las skrif forstöðumannsins agndofa og skildi hvorki upp né niður í neinu. Þjóðin vissi vart sitt rjúkandi ráð. En þá hafði Davíð engar vomur á og út skyldi Guðmundur Magnússon, sem hafði ekki einu sinni til að bera það skynbragð að þegja eftir ávíturnar, sem virtust eiga fullan rétt á sér.

Stakkur skrifar

Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður og félagi Guðmundar í því að maka krókinn með útskrift reikninga, sagði af sér sem formaður stjórnar Þjóðmenningarhúss, en þeir félagarnir unnu í verktöku hvor fyrir stofnun hins og munu ekki hafa skorið sjálfdæmd laun ekki við nögl. Auðvitað fær þjóðin nóg af þessu hátterni og sennilega hefur á þeim andartökum sem þetta mál og málefni Landsímans voru mest rædd í þjóðfélaginu verið hvað grynnst á þolinmæðinni gagnvart Davíð Oddsyni forsætisráðherra og ríkisstjórninni. Almenningi var einfaldlega nóg boðið og reyndar miklu meira en svo.

Í málefnum Landsímans hafa skilaboðin greinilega náð eyrum hins ágæta manns Friðriks Pálssonar, en afskipti hans og hegðan sem stjórnarformanns Landsímans hafa komið mörgum, sem töldu sig þekkja til hans, verulega á óvart. Nema Davíð hafi einfaldlega borið Friðriki eða látið bera honum þau skýru skilaboð sem hann tilkynnti þjóðinni um síðustu helgi, að þeir sem sætu í stjórn Landsímans yrðu að njóta trausts ríkisstjórnarinnar og hollast, eðlilegast, heilbrigðast og hreinlegast væri að skipta um alla stjórnina, þótt flestir og þar á meðal nefndur Friðrik hefðu reyndar gert eitthvað gott í stjórninni. Þórarinn er farinn þótt dýr reyndist hann. Með þessu er Davíð einfaldlega að segja að þeir menn sem ætli sér að njóta trausts hans skuli halda sig á mottunni og muna að eftir leikreglum skal farið. Þeir sem ekki treysta sér til þess verði hreint og beint látnir flakka. Vafalaust á eitthvað enn eftir að koma í ljós þegar sú ágæta og mjög svo þarfa og vaxandi stofnun Alþingis, Ríkisendurskoðun, fer að fletta upp ríkisteppinu víðar og kíkja undir það. Hætt er við að ekki séu öll kurl komin til grafar. Freistingin er greinilega mjög sterk og eins og gamli málsháttur segir: Það þarf sterk bein til að þola góða daga.

En boðskapurinn er skýr sem betur fer. Sjálftökumenn, sem ekki fara að reglum, skulu ekki sitja í skjóli Davíðs Oddssonar. Hafi hann þakkir fyrir.

Netspurningin

Spurt var:

Ertu ánægð(ur) með nýtt frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða?

Alls svöruðu 348.
Já sögðu 38 eða 10,92%
Nei sögðu 278 eða 79,89%
Óvissir voru 32 eða 9,20%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Súgfirskt leikrit sett upp í Tjarnarbíói í Reykjavík

„Mikil heiður fyrir okkur“

– segir Unnar Þór Reynisson, annar höfunda verksins

Leikfélag Fjölbrautaskólans við Ármúla í Reykjavík hóf fyrir rúmum mánuði æfingar á leikritinu „Það er spurning“ sem er eftir tvo unga Vestfirðinga sem hafa verið áberandi í leiklistarlífinu í sínum heimabæ, Suðureyri. Þetta eru þeir Unnar Þór Reynisson, tæknimaður hjá Tölvuþjónustunni Snerpu ehf. á Ísafirði og Ævar Guðmundsson, nemi við Menntaskólann á Ísafirði. Þeir félagar sömdu leikritið veturinn 1998 upp úr kvikmyndinni Clue eftir Jonathan Lynn, sem byggt var á samnefndu spili.

Unnar Þór Reynisson leikur hér eitt af hlutverkunum í verkinu „Tólf nýjar vestfirskar þjóðsögur og ein gömul“ sem sýnt er á Hótel Ísafirði.

Leikritið var frumsýnt af leikfélaginu Hallvarði súganda á Sæluhelgi á Suðureyri sumarið 1998 við góðar undirtektir og markaði sú sýning upphaf endurreisnar leikfélagsins, sem þá hafði legið í dvala um tólf ára skeið. Unnar sagði í samtali við blaðið að eftir að sýningum lauk á Suðureyri, hafi handritið verið sent Bandalagi íslenskra leikfélaga, þar sem það hefur verið fáanlegt síðan. Leikfélag Fjölbrautaskólans við Ármúla valdi síðan verkið til sýningar eftir að hafa haft nokkur leikverk til skoðunar. Leikritið verður frumsýnt í Tjarnabíói, föstudaginn 5. apríl og sagði Unnar mjög líklegt að þeir félagar yrðu viðstaddir frumsýninguna.

Hann sagði að þeim félögum væri sýndur mikill heiður með vali Leikfélags Fjölbrautaskólans á leikverki þeirra og ánægjulegt væri að fá að vita að þeir væru að gera eitthvað að viti. „Okkur finnst það alveg stórkostlegt að leikritið okkar skuli hafa verið fyrir valinu hjá leikfélagi FÁ. Þetta er okkur mikil hvatning og verður til að koma eigin hugverkum frekar á framfæri í framtíðinni,“ sagði Unnar.

„Hæstiréttur“ til Ísafjarðar

Fyrirtækið Stjörnubílar ehf. á Ísafirði festu nýlega kaup á notaðri, 44 sæta rútu af Mercedes Menz gerð. Rútan er sérstaklega glæsileg og vel útbúin að sögn eigendanna. Mjög gott sætapláss er í rútunni, fótskemlar við hvert sæti, sjónvarpstæki, kaffi- og snyrtiaðstaða. Um þessar mundir er verið að ljúka við merkingar á rútunni sem gefið hefur verið nafnið „Hæstiréttur“, (vegna þess hversu há hún er) og ætla forsvarsmenn Stjörnubíla að hefja útleigu á henni innan skamms.

Rögnvaldur Ólafsson, einn eigenda Stjörnubíla ehf. sagði í samtali við blaðið, að ekki stæði til að ryðjast inn á markað þar sem aðrir væru fyrir, heldur væri ætlunin að skapa ný atvinnutækifæri. Það kæmi þó ekki í veg fyrir að fyrirtækið tæki að sér öll þau verkefni sem kynnu að bjóðast, aðalatriðið væri að bjóða upp á akstur á Vestfjörðum og víðar á góðu verði. Rögnvaldur segir að rekstur Stjörnubíla ehf. hafi gengið vel, nóg hafi verið að gera og bendir í því sambandi á að fyrirtækið hafi séð um alla flutninga fyrir KFÍ í vetur. „Það þýðir ekkert að gefast upp. Við fengum ekki strætisvagnaksturinn á síðasta ári og þá verðum við bara að finna eitthvað annað að gera,“ sagði Rögnvaldur.

helgardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Norðaustan og austan 5-13 m/s og víða dálítil snjókoma eða él. Frost 1-10 stig.
Horfur á föstudag:
Norðaustan og austan 5-13 m/s og víða dálítil snjókoma eða él. Frost 1-10 stig.
Horfur á laugardag:
Norðaustlæg átt og dálítil él, en bjart verður sunnantil. Frost 2-12 stig.
Horfur á sunnudag:
Norðaustlæg átt og dálítil él, en bjart verður sunnantil. Frost 2-12 stig.
Horfur á mánudag:
Norðaustlæg átt og dálítil él, en bjart verður sunnantil. Frost 2-12 stig.

netið

Vefsíðan ***cheatplanet.com*** er hentug síða fyrir þá sem finnst gaman að spila tölvuleiki en hafa kannski ekki þolinmæði til að liggja endalaust yfir þeim þrautum sem leikirnir bjóða upp á og vilja bara halda áfram. Þetta er ein stærsta og fjölsóttasta vefsíðan á netinum sem býður upp á aðstoð við tölvuleiki. Inni á Cheat Planet er hægt að finna margvíslegar leiðir til að svindla í fjölmörgum vinsælum tölvuleikjum og skiptir þá engu máli hvort um er að ræða leiki fyrir PC-tölvur, Playstation, Nintendo 64, Gameboy eða Dreamcast. Þarna eru vísbendingar, svindlleiðir, dulkvótar, æfingarleikir og margt, margt fleira. Fyrirtækin sem framleiða leikina reyna stundum að breyta þeim þannig að uppgefnar svindlaðferðir virka ekki en aðstandendur Cheat Planet er yfirleitt fljótir að bæta úr því. Þeir státa sig af því að uppfæra svindlin reglulega og að bæta nýjum við daglega þannig að enginn þarf að eyða löngum tíma í að leysa erfiðar og úthugsaðar þrautir leikjanna.

www.bb.is
– góður auglýsingamáti!

SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 8. mars

17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.05 Stubbarnir (81:90)
18.35 Nornin unga (19:24)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Gettu betur. Spurningakeppni framhaldsskólanna. Fyrri undanúrslitaþáttur.
21.15 Billy sigrar Bobby. *(When Billy Beat Bobby)* Sjónvarpsmynd frá 2001 um sögulegan tennisleik milli meistarans Bobby Riggs og femínistans Billy Jean King árið 1973. *Aðalhlutverk: Holly Hunter og Ron Silver.*
22.50 Flóttinn. *(The Getaway)* Spennumynd frá 1994 um mann sem lendir í háskalegum ævintýrum eftir að glæpaforingi fær hann lausan úr fangelsi. *Aðalhlutverk: Alec Baldwin, Kim Basinger, Michael Madsen, James Woods og David Morse.*
00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 9. mars

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
09.02 Stubbarnir (83:90)
09.35 Bubbi byggir (24:26)
09.45 Litlu skrímslin (35:52)
09.50 Sprikla (4:5)
10.00 Pokémon (36:52)
10.25 Gulla grallari (19:26)
10.45 Búrabyggð (39:92)
11.10 Kastljósið
11.35 Mósaík
12.10 At
12.35 Skjáleikurinn
13.10 Snjókrossið 2002 (1:12)
13.40 Markaregn
14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
16.25 Íslandsmótið í handbolta. Bein útsending frá leik *Selfoss* og ***Hauka*** í Essódeildinni.
18.00 Táknmálsfréttir
18.05 Forskot (3:40)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Milli himins og jarðar
20.50 Sabrina. *(Sabrina)* Rómantísk gamanmynd frá 1995. Dóttir bílstjóra hjá auðugu fólki á Long Island snýr heim eftir tveggja ára fjarveru og hefur afdrifarík áhrif á gang mála hjá fjölskyldunni. *Aðalhlutverk: Harrison Ford og Julia Ormond.*
22.55 Eitt sinn stríðsmenn... *(Once Were Warriors)* Nýsjálensk bíómynd frá 1994 um maórafjölskyldu í Auckland þar sem allt er í báli og brandi vegna skapofsa og drykkju fjölskylduföðurins. *Aðalhlutverk: Rena Owen og Temuera Morrison.*
00.35 Hjaðningavíg. *(Weapons of Mass Distraction)* Bandarísk bíómynd um samkeppni tveggja fjölmiðlajöfra sem magnast upp í eitt allsherjarstríð. e. *Aðalhlutverk: Gabriel Byrne og Ben Kingsley.*
02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 10. mars

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
09.02 Disneystundin
10.22 Babar (36:65)
10.55 Stafakarlarnir (22:24)
11.05 Nýjasta tækni og vísindi
11.20 Kastljósið
11.45 Skjáleikurinn
15.05 Maður er nefndur
15.40 Mósaík
16.15 Markaregn
17.00 Geimferðin (12:26)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 En hvað það var skrítið (3:4)
18.40 Óli Alexander
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Í gerðum Ósíris (4:4) *(Un piquenique chez Osiris)* Franskur verðlaunamyndaflokkur um þrjár konur sem fara til Egyptalands um aldamótin 1900 og kynnast þar nýjum og spennandi heimi. *Aðalhlutverk: Dominique Blanc, Dominique Reymond og Marina Hands.*
20.55 Sönn íslensk sakamál (3:4) Árið 1990 var framið óvenjulega hrottalegt morð á bensínstöð Esso við Stóragerði í Reykjavík. Þeir sem frömdu þetta óhæðisverk voru á kafi í fíkniefnaneyslu og voru á höttum eftir peningum til að fjármagna hana. Þessi þáttur er ekki við hæfi barna.
21.30 Stórmót ÍR. Bein útsending frá frjálsíþróttamóti í Laugardalshöll. Aðalkeppnisgreinar eru stangarstökk kvenna, sjöþraut karla og langstökk kvenna. Vala Flosadóttir og Þórey Edda Elísdóttir keppa við heimskunnar erlenda stangarstökkvara. Jón Arnar Magnússon og Ólafur Guðmundsson keppa við kunna erlenda kappa í sjöþraut. Í langstökki kvenna keppa m.a. Sigurbjörg Ólafsdóttir Íslandsmeistari og Sunna Gestsdóttir sem fyrir skömmu bætti 17 ára gamalt Íslandsmet Bryndísar Hólm á móti í Noregi þar sem hún býr og æfir.
23.00 Ljótur leikur. *(Funny Games)* Austurrísk bíómynd frá 1997. Fjölskylda sem fer til dvalar í sumarhúsi sínu býr við ógnir og skelfingu eftir að tveir ungir menn gera sig heimakomna þar. *Aðalhlutverk: Susanne Lothar, Ulrich Mühe, Arno Frisch og Frank Giering.*
00.50 Kastljósið
01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Stöð 2

Föstudagur 8. mars

06.58 Ísland í bítið
09.00 Glæstar vonir
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey (e)
10.20 Ísland í bítið
12.00 Nágrannar
12.25 Í fínu formi
12.40 Dharma og Greg (15:24) (e)
13.00 Jack Frost - Kjötkrókur
14.40 Andrea (e)
15.05 NBA-tilþrif
15.35 Simpson-fjölskyldan (6:21) (e)
16.00 Barnatími Stöðvar 2 (2:26) (e)
18.05 Vinir (6:24) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Simpson-fjölskyldan (18:21)
20.00 Digimon. Ævintýramynd fyrir hressa krakka á öllum aldri. Það steðjar hætta að veröld Digimona. Þrír útvaldir liðsmenn þeirra fá það vandasama hlutverk að berjast við grimma útsendara óvinarins. Fram undan er æsispennandi barátta sem tekur á sig ýmsar myndir.
21.25 Draugahúsið. *(The Haunting)* Alvöru draugasaga! Doktor David Marrow er kominn til stuttrar dvalar á gömlu óðalssetri, í fylgd þriggja aðstoðarmanna. David hefur sagt fólkinu að hann hyggist njóta aðstoðar þeirra við rannsókn á svefnröskun. Fljótt renna þó tvær grímur á aðstoðarfólkið því það er engu líkara en einhverjir fleiri hafist við í húsinu. *Aðalhlutverk: Liam Neeson, Catherine Zeta-Jones, Lili Taylor, Owen Wilson.*
23.20 Fallinn engill. *(Fallen)* John Hobbes kemur fjöldamorðingja á bak við lás og slá og verður vitni að aftöku hans. En eftir það eru framin morð af svipuðum toga og sá látni var dæmdur fyrir. Hobbes þarf nú að kljást við morðingja sem hann hefur aldrei þurft að kljást við áður, eða hvað? *Aðalhlutverk: Denzel Washington, John Goodman, Donald Sutherland.*
01.20 Jack Frost - Kjötkrókur. *(Touch of Frost 6 - One Man´s Mea)* Frost rannsakar dauðsföll stúlkna sem struku að heiman og heilbrigðismálafulltrúa en talið er að dauði þeirra tengist notkun ólöglegra efna þó á ólíkan hátt.
03.00 Ísland í dag
03.25 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 9. mars

08.00 Barnatími Stöðvar 2
10.35 Litla risaeðlan 3
11.50 Glæstar vonir
13.55 60 mínútur (e)
14.45 Enski boltinn. Bein útsending frá 6. umferð bikarkeppninnar.
17.05 Best í bítið
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag
19.30 Dharma og Greg (1:24)
20.00 Vinir (7:24)
20.30 Paradiso hótelið. *(Guest House Paradiso)* Gamanmynd um félagana Richie og Eddie sem reka lélegasta hótelið í Bretlandi. Hótelið stendur við hliðina á kjarnorkuveri og því allt eins líklegt að gestunum sé boðið upp á geislavirkan mat. Raunar er lítið eldað á hótelinu þessa dagana, bæði er kokkurinn stunginn af og eins eru engir gestir væntanlegir. En daginn sem ítölsk kvikmyndastjarna rekur inn nefið færist heldur betur fjör í leikinn. *Aðalhlutverk: Rik Mayall, Adrian Edmondson, Vincent Cassel.*
22.00 Huldumaðurinn. *(Hollow Man)* Spennumynd sem fær hárin til að rísa. Hrokagikkurinn Sebastian Caine er afar snjall vísindamaður. Hann er að þróa efni sem gerir mönnum kleift að verða ósýnilegir. Caine er sjálfur tilraunadýr í þessum rannsóknum og svo fer að honum tekst ætlunarverk sitt. Aukaverkanirnar eru hins vegar slæmar. Caine tekst ekki aftur að verða sýnilegur og hið nýja efni hefur jafnframt mjög slæm áhrif á skapgerð hans. *Aðalhlutverk: Elizabeth Shue, Kevin Bacon, Josh Brolin.*



Huldumaðurinn

Huldumaðurinn, eða Hollow Man, er spennumynd með Kevin Bacon og Elizabeth Shue í Aðalhlutverkum sem Stöð 2 sýnir kl. 22:00 á laugardagskvöld. Hrokagikkurinn Sebastian Caine er afar snjall vísindamaður. Hann vinnur að þróun efnis sem gerir mönnum kleift að verða ósýnilegir. Caine er sjálfur tilraunadýr í þessum rannsóknum og svo fer að honum tekst ætlunarverk sitt. Aukaverkanirnar eru hins vegar slæmar. Caine tekst ekki aftur að verða sýnilegur og hið nýja efni hefur jafnframt mjög slæm áhrif á skapgerð hans. Myndin sem er frá árinu 2000 er stranglega bönnuð börnum.

23.55 Dansinn dunar. *(A Night at the Roxbury)* Steve og Doug Butabi vilja koma á fót næturklúbbi sem á að veita svalasta klúbbnum í bænum, Roxbury, harða samkeppni. Gallinn er sá að þeir eru fjarri því að vera svalir náungar en eru þó reiðubúnir að gera hvað sem er til þess að ná takmarki sínu. *Aðalhlutverk: Will Ferrell, Chris Kattan, Molly Shannon.*
01.15 Amerískur varúlfur í París. *(American Werewolf in Paris)* Þrír ungir háskólanemar fara í ævintýraferð til Evrópu og hyggjast sletta heldur betur úr klaufunum í París. Þar kynnist Andy sjálfri draumadísinni, hinni dularfullu og undurfögru Serafinu. En þegar fullt tungl nálgast fer gamanið að kárna, draumurinn breytist í martröð. *Aðalhlutverk: Julie Delpy, Tom Everett Scott.*
02.50 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 10. mars

08.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Nágrannar
13.50 Ást á nýrri öld (2:6) (e)
14.15 60 Minutes II (e)
15.00 Rámur: Björgunin mikla. *(Rusty: The Great Rescue)* Skemmtileg mynd fyrir alla fjölskylduna um hundinn Rám sem gerir allt sem hann getur til að bjarga systkinunum Jory og Tess úr klóm vondrar frænku og enn verri frænda. Hér heyrum við dýrin tala og fylgjumst með þegar þau reyna að afstýra vandræðum eins og þeim einum er lagið. *Aðalhlutverk: Hal Holbrook, Laraine Newman, Charles Fleischer.*
16.45 Andrea (e)
17.10 Sjálfstætt fólk (e)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Viltu vinna milljón?
20.25 Bræðrabönd
21.50 60 mínútur
22.40 Björgun óbreytts Ryans. *(Saving Private Ryan)* Raunsæ lýsing á stríðsátökum seinni heimsstyrjaldarinnar er bandamenn gera sögulega atlögu að her Hitlers í Normandí á norðausturströnd Frakklands. Mitt í stríðsátökunum leitar vaskur hópur hermanna að óbreyttum Ryan til þess að koma honum heim. Þrír bræður hans hafa látist á vígvellinum og er því ákveðið að hlífa fjölskyldu Ryans við enn frekari hörmungum. Stórmynd sem var tilnefnd til 11 Óskarsverðlauna. *Aðalhlutverk: Tom Hanks, Tom Sizemore, Edward Burns.*
01.25 Tónlistarmyndbönd

SÝN

Föstudagur 8. mars

18.00 Heklusport
18.30 Íþróttir um allan heim
19.30 Alltaf í boltanum
20.00 Gillette-sportpakkinn
20.30 Trufluð tilvera (7:14)
21.00 Oscar og Lucinda. Óvenjuleg saga prests og auðugrar konu sem eru bæði haldin spilafíkn. Árátttan leiðir þau á ystu nöf þegar þau veðja um hvort presturinn geti flutt heila glerkirkju áfallalaust til óbyggða Ástralíu. *Aðalhlutverk: Ralph Fiennes, Cate Blanchett, Ciarán Hinds, Tom Wilkinson.*
23.10 Síðustu dagar Frankie flugu. (Last Days of Frankie the Fly) Frankie er smákrimmi sem er á mála hjá maffuforingjunum Sal og Vic. Hann verður ástfanginn af fyrrverandi klámmyndastjörnu og reynir að beina henni á rétta braut. En fyrst verður hann að kljást við Sal sem hefur sérstakan áhuga á stúlkunni. *Aðalhlutverk: Dennis Hopper, Daryl Hannah, Michael Madsen, Kiefer Sutherland.*
00.45 Ljótur leikur. *(Strip Search)* Ekkert kemur löggunni Robby lengur á óvart. Nýjasta verkefnið er að finna Billy sem starfar sem nektardansmær og vændiskona. Leitin gengur fjótt og vel en þegar stúlkan er fundin renna tvær grímur á lögguna. Sá sem réð Robby til verksins sagði bara hálfan sannleikann og vill ekki sjá stúlkuna á lífi. *Aðalhlutverk: Michael Pare, Pam Grier, Caroline Néron, Lucie Laurier.*
02.15 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 9. mars

17.00 Toppleikir
18.50 Lottó
19.00 Hálendingurinn (8:22)
20.00 MAD-rásin. Geggjaður grínþáttur þar sem allir fá það óþvegið. Heiti þáttarins dregur nafn sitt af samnefndu skopmyndablaði sem notið hefur mikilla vinsælda.
21.00 Á bláþræði. *(Edge, The)* Milljónamæringur og tískuljósmyndari týnast í óbyggðum Alaska og þurfa á öllum sínum kröftum að halda til þess að komast af. Ótt bjarndýr hundeltir þá og þeir komast að því að þeir eiga mun fleira sameiginlegt en ætla mætti í fyrstu. *Aðalhlutverk: Anthony Hopkins, Alec Baldwin, Elle Macpherson.*
22.55 Hnefaleikar - Paulie Ayala. Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mætast eru bantamvigtarkapparnir Paulie Ayala og Clarence Adams.
01.00 Bráðin. Bráðin er erótísk íslensk stuttmynd þar sem segir frá óvenjulegum kynlífsþríhyrningi á vinnustað í Reykjavík. Myndin er hispurslaus og djörf og höfðar jafnt til karla og kvenna. Handritið skrifaði Ágúst Borgþór Sverrisson. *Aðalhlutverk: Halldóra Jónsdóttir, Karl Grönvold, Júlíus Freyr Theodórsson.*
01.20 Brúður forðar sér. *(Bride on the Run) Erótísk kvikmynd.*
02.40 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 10. mars

11.15 Enski boltinn. Bein útsending frá 6. umferð bikarkeppninnar.
13.45 Ítalski boltinn. Bein útsending.
15.55 Enski boltinn. Bein útsending frá 6. umferð bikarkeppninnar.
18.00 NBA. Bein útsending frá leik ***Orlando Magic*** og ***Toronto Raptors***.
20.00 Golfmót í Bandaríkjunum.
21.00 Meistarakeppni Evrópu. Farið

Sportið ..... í beinni

Ríkissjónvarpið

Laugardagur 9. mars kl. 14:25
Þýski boltinn: Leikur óákveðinn
Laugardagur 9. mars kl. 16:25
Íslandsmótið í handbolt karla: Selfoss – Haukar
Sunnudagur 10. mars kl. 21:30
Stórmót ÍR í frjálsum íþróttum í Laugardalshöll

Sýn

Miðvikudagur 6. mars kl. 19:50
Enski boltinn: Liverpool – Newcastle
Laugardagur 9. mars kl. 17:20
Enski boltinn: Newcastle United – Arsenal

Draugahúsið

Liam Neeson og Catherine Zeta-Jones leika aðalhutverkin í spennumyndinni Draugahúsið, eða The Haunting, sem er frá árinu 1999 og Stöð 2 sýnir kl. 21:25 á föstudagskvöld. Doktor David Marrow er kominn til stuttrar dvalar á gömlu óðalssetri í fylgd þriggja aðstoðarmanna. David hefur sagt fólkinu að hann hyggist njóta aðstoðar þeirra við rannsókn á svefnröskun. Fljótt renna þó tvær grímur á aðstoðarfólkið því það er engu líkara en einhverjir fleiri hafist við í húsinu. Myndin er stranglega bönnuð börnum.

POLS

Sindragata 10 · 400 Ísafjörður

Atvinna

Óskum eftir starfsmanni í almenna bókhaldsumsjón og fjármálastjórn. Þekking á Fjölni bókhaldskerfi er æskileg en ekki skilyrði. Um hluta- eða heilsdagsstarf getur verið að ræða.

Umsóknir merktar „Fjármál“ sendist til Póls hf. fyrir 12. mars. Öllum umsóknum verður svarað.

Ertu orðin(n) áskrifandi?

er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spilin fyrir þá næstu.
22.00 Hoffa. Stórmynd um verkalýðsforingjann Jimmy Hoffa sem barðist með kjafti og klóm fyrir bættum kjörum umbjóðenda sinna en var um margt umdeildur. Hann átti stóran þátt í því að gera samtök flutningabílstjóra að öflugasta verkalýðsfélagi Bandaríkjanna. Þetta var á kreppuárunum þegar almenningur bjó við kröpp kjör og mikið óöryggi ríkti í atvinnumálum. *Aðalhlutverk: Jack Nicholson, Danny De Vito, Armand Assante.*
00.15 Lokasena. *(Final Conflict, The)* Þriðji hluti heimsfrægrar hryllingssögu. Damien Thorn er nú orðinn fullorðinn en er jafnhættulegur umhverfinu og áður. Hann gegnir áhrifastöðu í Englandi en illa aflið, sem hefur tekið sér bólfestu í líkama hans, vill enn svala valdagræðgi sinni. *Aðalhlutverk: Sam Neill, Rossano Brazzi, Don Gordon.*
02.00 Dagskrárlok og skjáleikur

SKJÁREINN

Föstudagur 8. mars

16.30 Muzik.is
17.30 Two Guys and a Girl (e)
18.00 Everybody loves Raymond
18.30 The King of Queens(e)
19:00 Títus (e)
19.30 Yes Dear(e)
20:00 Dateline. Magnaðir fréttaskýringaþættir þar sem kafað er ofan í kjölinn á erfiðum málum. Umnsjón Jane Pauley og Stone Philips.
21:00 Undercover. Hjónin Kate og Dylan Del'Amico reka eigið njósnafyrirtæki. Þeim er úthlutað margvíslegum verkefnum og spurning hvernig þeim tekst að aðlaga sameiginlegan starfsframa hversdagslífinu.
22.00 Djúpa laugin. Þórey Eva og Júlíus Hafstein koma Íslendingum á stefnumót. Þátturinn er í beinni útsendingu.
23:00 Malcolm in the middle (e)
23.30 CSI (e)
00.20 Temptation Island (e)
01.10 Jay Leno(e)
02.00 Muzik.is
03.00 Óstöðvandi tónlist

Laugardagur 9. mars

12.30 48 Hours(e)
13.30 Law & Order(e)
14.30 Jay Leno(e)
15.30 Djúpa laugin (e)
16.30 Jay Leno (e)
17.30 Dateline (e).
18.30 Undercover (e)
19.30 Two Guys and Girl
20.00 Powerplay. Michael Riley fer með hlutverk Bretts Parker, umboðsmanns íþróttamaðnna sem lætur hugann bera sig hálfa leið í að koma umbjóðendum sínum á framfæri. Þegar hann flytur til heimabæjar síns áttar hann sig á því stundum er kapp best með forsjá.
21:00 Íslendingar.Spurninga- og spjallþáttur í umsjón Fjalars Sigurðarsonar, tröllapabba með meiru.
22:00 Total Recall. Rannsóknarlögreglumaðurinn David Hume virðist hafa erft andagiftina frá nafna sínum heimspekingnum og nýtist hún honum afar vel í baráttu hans fyrir betra lífi – á Mars árið 2070.
22.50 Daydream Believers. Saga hinnar geysivinsælu hljómsveitar The Monkeys, sem var upp á sitt besta á 7. áratuginum. Hver man ekki eftir lögum eins og I´m a Believer?
00:20 Tvöfaldur Jay Leno (e)
01.50 Muzik.is
03.00 Óstöðvandi tónlist

Sunnudagur 10. mars

12.30 Silfur Egils
14.00 Mótor(e)
14.30 Boston Public(e)
15.30 The Practice (e)
16.30 Innlit-Útlit (e)
17.30 Judging Amy (e)
18.30 Fólk – með Sirrý (e)
19.30 King of Queens (e)
20:00 Redemption of the Ghost
21.45 Silfur Egils
23.30 Íslendingar (e)
00.30 Powerplay (e)
01.20 Muzik.is
02.00 Óstöðvandi tónlist

Sunnudagur 10. mars kl. 11:45
Skoski boltinn: Glasgow Rangers – Glasgow Celtic
Sunnudagur 10. mars kl. 13:45
Ítalski boltinn: Leikur óákveðinn
Sunnudagur 10. mars kl. 15:55
Enski boltinn: Tottenham Hotspur – Chelsea
Sunnudagur 10. mars kl. 18:25
Enski boltinn: West Bromwich Albion – Fulham
Sunnudagur 10. mars kl. 23:00
NBA: Los Angeles Lakers – New York Knicks
Þriðjudagur 12. mars kl. 19:30
Meistarakeppni Evrópu: Arsenal – Deportivo La Coruna
Þriðjudagur 12. mars kl. 21:40
Meistarakeppni Evrópu: Bayer Leverkusen – Juventus
Miðvikudagur 13. mars kl. 19:30
Meistarakeppni Evrópu: Barcelona – Liverpool
Miðvikudagur 13. mars kl. 21:40
Meistarakeppni Evrópu: Manchester United – Bayern München

Stöð 2

Laugardagur 9. mars kl. 14:45
Enski boltinn: Crystal Palace – Watford

Ísafjörður

Primus selst vel

Sala á próteindrykknum Primus gengur vel og þá sérstaklega á norðanverðum Vestfjörðum, að sögn Hálfdáns Óskarssonar, samlagstjóra hjá Mjólkursamlagi Ísfirðinga.

Salan fyrir sunnan og norðan er í stöðugri aukningu og þakkar Hálfdán það markvissri markaðssetningu og kynningum en próteindrykknum Primus er nú dreift til rúmlega 130 verslana í landinu.

Nýjung hjá Mjólkursamlaginu er sósugrunnur, „sýrð sósa“, sem er heldur próteinríkari og fituminni en sýrður rjómi.

Ísafjörður

Myndlist á fimmtudögum

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar hefur ákveðið að brydda upp á nýjung í námskeiðahaldi sínu. Á morgun, fimmtudaginn 7. mars, hefst nokkur vikna tilraun með opið hús fyrir þá sem áhuga hafa á myndlist, þar sem þátttakendur eru ekki bundnir af mætingu eins og á venjulegum námskeiðum.

Á þessari námskeiðaröð, sem haldin er kl. 20:00-22:30 á fimmtudögum, geta þátttakendur komið og unnið að sínum verkefnum og fengið leiðsögn í Edinborgarhúsinu fyrir kr. 1.000. Hér er um tilraunastarfsemi að ræða og ræðst framhaldið af þátttöku.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

kirkja

Þingeyrarkirkja:
Kirkjuskólinn er á föstudaginn kl. 17:00. Börn, unglingar og fullorðnir velkomnir.
Flateyrarkirkja:
Kirkjuskólinn er á laugardaginn kl. 13:00. Börn, unglingar og fullorðnir velkomnir.
Ísafjarðarkirkja:
Kirkjuskóli á laugardag kl. 11:00. Messa og altarisganga á sunnudag kl. 11:00. Inga S. Ólafsdóttir predikar.

netið

Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu?
Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar svarar:

„Uppáhaldsvefsíðan mín af öllum er ***bb.is***, hún er langflottust vefsíðna á landinu og þótt víðar væri leitað. Fréttir af umheiminum eru mínar ær og kýr og því sæki ég ***strik.is***, ***mbl.is***, ***kistan.is*** og ***visir.is*** nokkuð oft. Þær eru allar ágætar þó að ***visir.is*** sé sú síðsta af þeim, þar er sama efnið mánuð eftir mánuð og greinilega ekki mikið að gerast á þeim bæ. Starfs míns vegna fer ég svo á ***samgus.is***, sem er heimasíða umhverfis og garðyrkjustjóra, og ***groður.is***, en þar má finna fróðleik og skemmtilegar hugmyndir um...gróður! Hugsjónanna vegna sæki ég síðan ***xf.is***, heimasíðu Frjálslynda Flokksins, en við erum nú í óða önn að undirbúa lista vegna bæjarstjórnarkosninganna í vor.“

bb.is

– öflugur og góður fréttamiðill á Vestfjörðum

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Sala á rakspíranum True Viking hefur gengið vonum framar

Markaðssókn fyrirhuguð fljótlega í Bandaríkjunum og Skandinavíu

Koss ehf. á Ísafirði, sem Hallvarður Aspelund arkitekt og hönnuður og Eyleif B. Hauksdóttir eiginkona hans eiga, setti sem kunnugt er ilmvatn og rakspíra á markað fyrir síðustu jól undir nafninu True Viking. Sérstæðar umbúðir sem Hallvarður hannaði hafa vakið mikla athygli, en þær er í líki íslenskrar tóbakspontu.

Aðspurður segir Hallvarður að salan hafi gengið vonum framar og hefur rakspírinn selst þrisvar sinnum betur en viðskiptaáætlanir gerðu ráð fyrir. True Viking var fyrir jólin selt í Leifsstöð, gjafavöruverslun Bláa Lónsins og snyrtivöruverslunum víða um land en stefnt er að því að dreifa vörunni víðar á árinu. Flugleiðir ákváðu nýlega að hefja sölu á ilmnum í Saga Botique flugverslununum og markaðssókn í Skandinavíu með aðstoð utanríkisráðuneytisins er í undirbúningi og í kjölfar áhuga Bandaríkjamanna eru hugmyndir um markaðssetningu þar í skoðun.

„Þessi mikli áhugi á vörunni kom eiginlega aftan að mér, upphaflega var hugmyndin sú að fara rólega í sakirnar, selja vöruna á Íslandi fyrir jólin og fara síðan í markaðsstarfsemi í Skandinavíu fljótlega á þessu ári," segir Hallvarður. Áhugi sem rakspíranum var sýndur varð hins vegar til þess að Koss ehf. fór að senda sýnishorn vestur til Ameríku og eru málin þar núna í skoðun að sögn Hallvarðar.

„Fólk tekur undantekningalítið vel í þetta og til dæmis má nefna að nýverið höfðu samband við mig að fyrra bragði nokkrir íslenskir kraftajötnar sem eru á leið til keppni á kraftamóti í Miami í Bandaríkjunum og buðust til þess að kynna ilminn í ferð sinni. Nafnið á rakspíranum og umbúðirnar höfða náttúrulega til alvöru víkinga. Við erum að skoða markaðssetningu og dreifingu á rakspíranum af fullum krafti núna. Í ljósi þeirra jákvæðu viðbragða sem við höfum fengið verð ég að viðurkenna að þetta er allt saman mjög spennandi," segir Hallvarður.

True Viking, vestfirski ilmurinn sem á sífellt meiri velgengni að mæta úti í heimi.

Hann segir að þó umbúðirnar séu kannski helsta aðdráttaraflið við True Viking, þá hafi lyktinni sjálfri verið vel tekið. „Fólk hrífst af glasinu og svo kemur þægilega á óvart að lyktin er mjög góð. Það vakti fyrir mér að hafa lyktina milda og ljúfa, ekki kæfandi andarteppulykt sem er helsta einkenni sumra rakspíra," segir hann að lokum.

Hallvarður Aspelund dvaldist í fjögur ár við nám í Arizona State University í Phoenix og lauk þar B.S.D.-prófi í arkitektúr en stundaði síðan mastersnám við Coloradoháskóla í Denver. Hann starfar nú hjá Tækniþjónustu Vestfjarða á Ísafirði.

Sjúkraflutningamenn að störfum á slysstað.

Harður árekstur á Ísafirði

Harður árekstur varð við gatnamót Skutulsfjarðarbrautar og Holtabrautar um kl. 13 á föstudag er fólksbíll ók í veg fyrir flutningabíl er var á leið út úr bænum.

Sjúkrabíll og tækjabíll frá slökkviliðinu voru kallaðir út en ekki reyndist þörf á klippum til að ná ökumanninum út. Hann var fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar.

Hann mun hafa slasast á hendi. Ökumaður flutningabílsins slapp ómeiddur. Bílarnir skemmdust töluvert.

Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf.

Afl ehf. eykur hlut sinn í fyrirtækinu

Verðbréfaþingi Íslands barst á fimmtudag tilkynning þess efnis að Eignarhaldsfélagið Örvar ehf., sem er í eigu Þorsteins Vilhelmssonar, hefði selt öll bréf sín í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf. að nafnverði kr. 67.390.855. Eignarhlutur Örvars ehf. var áður 10,01%.

Sama dag fékk VÞÍ tilkynningu þess efnis að Afl fjárfestingafélag hefði keypt hlutabréf fyrirtækinu að nafnvirði kr. 73.520.003. Voru bréfin keypt á genginu 4,90 þannig að félagið greiddi fyrir þau um 360 milljónir króna. Eignarhlutur Afls fjárfestingafélags er nú 17,2% eða kr. 115.861.838 að nafnvirði en var áður 6,29% eða kr. 42.341.835 að nafnverði. Aðaleigandi Afls og stjórnarformaður er Þorsteinn Vilhelmsson en hann á jafnframt sæti í stjórn Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf.

Afl fjárfestingarfélag hefur einnig aukið eignarhlut sinn þremur öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum, Granda, Þormóði ramma-Sæbergi og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Á Þorsteinn sæti í stjórn eða varastjórn allra félaganna.

Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ

Halldór Halldórsson bæjarstjóri í efsta sæti

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, mun skipa efsta sætið á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fara 25. maí. Í öðru sæti verði Birna Lárusdóttir, núverandi oddviti flokksins, Ragnheiður Hákonardóttir, núverandi bæjarfulltrúi skipar þriðja sætið, Ingi Þór Ágústsson, sundþjálfari verður í fjórða sæti og Elías Guðmundsson, deildarstjóri í því fimmta.

Var þetta ákveðið á fjölmennum fundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ sem haldin var á fimmtudagskvöld í síðustu viku. Eftirfarandi tillaga að framboðslista var samþykkt.

1. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri. 2. Birna Lárusdóttir, fjölmiðlafræðingur. 3. Ragnheiður Hákonardóttir, svæðisleiðsögumaður. 4. Ingi Þór Ágústsson, sundþjálfari. 5. Elías Guðmundsson, deildarstjóri. 6. Jón Svanberg Hjartarson, lögregluvarðstjóri. 7. Áslaug Jóhanna Jensdóttir, ferðaþjónn. 8. Jónas Þór Birgisson, lyfjafræðingur. 9. Bryndís Ásta Birgisdóttir, framkvæmdastjóri. 10. Sighvatur Þórarinsson, bóndi. 11. Laufey Jónsdóttir, forstöðumaður. 12. Gísli Halldórsson, framkvæmdastjóri. 13. Grazyna María Gunnarsson, hjúkrunarfræðingur. 14. Hildur Halldórsdóttir, líffræðingur. 15. Níels Björnsson, matsveinn. 16. Steinar R. Jónasson, stöðvarstjóri. 17. Friðbjörn Óskarsson, vélstjóri. 18. Kristján Kristjánsson, verkfræðingur.